


Veruleiki  
Húberts Nóa



Í Kolaporti  
minninganna



Rafhjólatrygging  
TM er hugsuð  
fyrir þig



TM

Menning > 20

Lífið > 24

# FRÉTTABLAÐIÐ

101. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 25. MAÍ 2022



Forystufólk fjögurra flokka sem samtals eru með þrettán fulltrúa af 23 í borgarstjórn eftir nýafstaðnar kosningar tilkynntu í gær um upphaf viðræðna sín á milli um myndun meirihluta. SJÁ SIÐU 4  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Þungaðri konu forðað frá brottvísun

Barnshafandi kona sem átti að vísa úr landi er komin með lækni-vottorð gegn brottflutningi sem verður sent Útlendingastofnun og til lögreglunnar.

bth@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** Barnshafandi konu, hælisleitanda sem komin er átta mánuði á leið og hafði fengið boð um brottvísun frá Íslandi, hefur verið bjargað að sinni frá brottvísun.

Fréttablaðið hefur fengið staðfest að konan er komin með vottorð frá lækni og búið er að senda gögn um hana til Útlendingastofnunar og

lögreglu. Konan vill ekki koma fram opinberlega eða í viðtali. Vænta má þess að nánustu fjölskyldumeðlimir hennar fái einnig skjól hér á landi, að minnsta kosti tímabundið.

„Já, það hefur tekist að hindra fyrirhugaða brottvísun umbjóðanda okkar sem gengin var átta mánuði á leið. Vottorð fékkst frá lækni þess efnis að ekki væri forsvaranlegt að senda viðkomandi úr landi að teknu tilliti til ástands hennar,“ segir Magnús Norðdahl lögmaður.

Vaxandi þrýstingur er á Alþingi að íslensk stjórnvöld hverfi frá þeirri stefnu að vísa burt allt að 300 manns á næstu vikum með lögregluvaldi í kjölfar aukins ferðafrelsis eftir Covid.



**Vaxandi þrýstingur er á íslensk stjórnvöld að hverfa frá þeirri stefnu að vísa fjölda hælisleitenda úr landi á næstu vikum.**

Agnes M. Sigurðardóttir biskup fordæmði í Fréttablaðinu í gær bylgju brottvísana fram undan.

Davíð Þór Jónsson prestur bætti um betur í gær þegar hann sagði að „fasistastjórn VG“ hefði ákveðið að „míga á Barnasáttmála SÞ“, með því að „senda fjölda barna úr langþráðu öryggi og skjóli hér á Íslandi, þvert á það sem þeim er fyrir bestu, til að hafast við í fullkomnu reiðuleysi á götum úti á Grikklandi.“

Magnús Norðdahl lögmaður segir alveg ljóst að stjórnvöld séu ekki bundin af lögum heldur sé um að ræða pólitískt val.

„Efnismeðferð er meginreglan samkvæmt núgildandi lögum,“ segir Magnús. SJÁ SIÐU 2

## Boðar aðgerðir til að bregðast við sérfræðingaskorti

**IDNADUR** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, boðar aðgerðir til að bregðast við skorti á erlendum sérfræðingum í hugverkageiranum. Tillögur nokkurra ráðuneyta eiga að liggja fyrir í næsta mánuði.

Stór íslensk fyrirtæki áforma að flytja starfsemi úr landi vegna þess hve erfiðlega gengur að ráða fólk.

Samtök iðnaðarins telja að laða þurfi allt að níu þúsund manns til landsins á næstu fimm árum.

Ráðherra segir mikilvægt að bregðast hratt við stöðunni.

SJÁ SIÐU 4

# Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA  
AFHENDING

## Boðar yfirlýsingu vegna séra Davíðs

benediktarnar@frettabladid.is  
ingunnlara@frettabladid.is

**HÆLISLEITENDUR** „Ég sagði þetta til að fá fólk til þess að hlusta,“ segir séra Davíð Þór Jónsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju sem á Facebook í gær sagði Vinstra græna eiga vísan stað í helvíti vegna þátttöku þeirra í ríkisstjórninni.

„Það er sérstakur staður í helvíti fyrir fólk sem selur sál sína fyrir völd,“ skrifaði Davíð Þór sem var að fjalla um yfirvofandi brottvísun stórs hóps hælisleitenda.

Aðspurður kvaðst Davíð Þór í gær standa hvert við einasta orð og ekki eiga von á því að einhver frá þjóðkirkjunni hefði samband við hann. Séra Agnes M. Sigurðardóttir biskup sagði hins vegar í gær að Davíð Þór hefði brotið siðareglur þjóðkirkjunnar og að von væri á yfirlýsingu frá kirkjunni en vildi að öðru leyti ekki svara spurningum um málið.



Séra Davíð Þór Jónsson, sóknarprestur í Laugarneskirkju



Séra Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands

„Það er alveg staðreynd að það er ekki góð guðfræði að segja þetta, enda er ég að tjá mig hér svolitíð,“ viðurkenndi Davíð Þór. „Ég held að biskup hafi látið fram skoðanir sem fara eindregið saman við mínar þó að hún kannski orði þær ekki eins afdráttarlaust,“ bætti hann við. „Það er líka alveg á hreinu að prestur hefur alveg rétt til að tjá persónulegar skoðanir sínar án þess að það eigi að líta á þær sem opinbera afstöðu kirkjunnar.“

Orri Páll Jóhannsson, þingmaður og þingflokksformaður Vinstri grænna, fordæmði í gær orð Davíðs Þórs. „Með þessum ummælum er verið að ala á hatursorðræðu í samfélaginu sem er eitt stærsta mein okkar samtíma. Það er grafalvarlegt að þjóðkirkjan taki þátt í slíku,“ sagði hann í svari til Fréttablaðsins. ■

Nánar á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

## Danmark í Reykjavík



Skólaskipið Danmark liggur nú við bryggju í gömlu höfninni í Reykjavík. Hingað kom seglskipið frá Assen í heimlandinu þaðan sem lagt var upp 12. maí síðastliðinn. Þetta glæsilega skip var smíðað í skipasmíðastöðinni í Nakskov á árið 1933. Um borð í Danmark eru hverju sinni áttatíu sjóliðaefni sem stiga þar sín fyrstu og spennandi skref á siglingu um höfin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Svíar og Finnar ræða við Tyrki

sbt@frettabladid.is

**ÖRYGGISMÁL** Sendinefndir frá Finnlandi og Svíþjóð funda með tyrkneskum yfirvöldum í Ankara í dag í von um að Tyrkir láti af andstöðu sinni við aðild þeirra að NATO.

Löndin tvö vonuðust til þess að eiga greiða leið að aðild að NATO en öll aðildarríki bandalagsins þurfa að samþykkja aðildarumsókn.

Finnar og Svíar vilja með aðild að NATO tryggja öryggi sitt eftir innrás Rússa í Úkraínu.

Tyrkir krefjast þess meðal annars að Svíar aflétti refsiaðgerðum gegn Tyrklandi, þar á meðal banni á vopnaútflutningi. Einnig að Svíar hætti „pólitískum stuðningi við hryðjuverk“, stöðvi fjármögnun hryðjuverkahópa og stöðvi vopnaflutninga til Verkamannaflokks Kúrda og sýrlenskra uppreisnarhópa. ■

# Málaði gamalt Prins póló bréf á brunnlok á Selfossi

Listamaðurinn spænski Juan hefur unnið að því undanfarandi að blása lífi í hluti í miðbæ Selfoss sem vakið hafa athygli. Hefur hann breytt brunahana í trúðais, rafmagnskassa í mjólkurbíl og brunnlok í 10 og 50 króna peninga.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Nokkrar myndir birtust af spænska listamanninum Juan á Facebook-síðu Miðbæjar Selfoss og fengu yfir þúsund læk og hundruð ummæla. Juan fékk listrænt frelsi við sköpunina til að breyta hversdagslegum hlutum og glæða þá lífi. Einna mesta eftirtekt veur gamalt Prins póló-bréf sem málað er yfir þrjú samliggjandi brún brunnlok.

„Ég vissi að Prins póló væri goðsagnakennt súkkulaðistykki hér á Íslandi. Það er verið að gera þetta svæði þannig að hið gamla er sett í nýjan búning. Gömul hús uppgerð og ég hugsaði með mér að setja gömlu umbúðirnar þarna ofan á,“ segir Juan.

Hann segir að um leið og hann sá brunnlokið hafi hann séð einhvers konar súkkulaði. „Þeir buðu mér í heimsókn til að taka myndir og fá hugmyndir. Ég gerði það og fór að hugsa hvað ég gæti gert við hluti sem er fyrir allra augum en enginn veltir fyrir sér.“

Brunhaninn veur einnig eftirtekt en hann er málaður sem trúðais enda er ísbúð þar skammt frá. „Það er mikið selt af ís á Selfossi. Við vildum gera eitthvað við þennan brunahana og það blasti við að hann ætti að vera trúðais. Augun, nefið og brauðið koma vel út,“ segir hann.

Juan kom hingað til lands árið 2016 en þá aðeins í heimsókn. Hann er frá Valencia og segist hafa verið búinn að vera hér í nokkra daga



Juan með trúðaisinn og fyrir framan brunahanann sem lítur eins út.



Óður til fortiðar þar sem Juan málaði gamla góða Prins póló í á brunnlok.

MYND/ÆSEND

þegar hann fékk spurningu um verkefni. Juan gerði eftirminnilegan Super Mario Bros vegg í Vesturbænum í Reykjavík.

„Ég var búinn að vera í nokkra daga þegar ég fékk beiðni um verk. Ég hugsaði með mér að þetta væri einstakt. Hér er fólk mjög opið fyrir litum og listum og þetta hefur eiginlega ekki hætt síðan.“

Næstu verk hans verða í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum en einkaðæli hefur pantað þjónustu hans. Gerði það í gegnum Instagram-reikning hans. „Það er svo ótrúlegt með birtuna hérna á Íslandi að ég gæti byrjað klukkan fjögur að nóttu og málað fram eftir nóttu. Sumarið er komið og það er nóg að gera,“ segir listamaðurinn. ■

Snertilausir rofar

**GEZE**

Þýsk gæðavara.

**JARN & GLER**

Skútuvogi 1h - Sími 585 8900  
[www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

# Ferðadagar

## Hafðu bílinn kláran fyrir sumarið

### Ferðabílar og ferðavörur

Komdu og skoðu nýjustu bílana og úrval af ferðavörum sem auðvelda þér ferðalögin með fjölskyldunni.

### Hvernig líður bílnum?

Þjónustuskoðun tryggir öryggi bílsins og viðheldur ábyrgðinni. Bókaðu skoðun tímanlega svo hann sé í toppstandi fyrir ferðalög sumarsins.

### Þú gætir unnið!

Skráðu þig á póstlistann á [www.bl.is](http://www.bl.is) til að fá fréttir og fróðleik. Ef heppnin er með þér gætir þú líka unnið rafhlaupahjól eða önnur glæsileg verðlaun.



# Ráðherra hyggst opna hraðleið fyrir erlenda sérfræðinga

ggunnars@frettabladid.is

**IDNAÐUR** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, hefur sett saman teymi sem undirbýr nauðsynlegar aðgerðir til að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til landsins.

Samkvæmt Samtökum iðnaðarins þurfa fyrirtæki í hugverkaiðnaði að ráða níu þúsund sérfræðinga

á næstu fimm árum ef þau eiga að geta nýtt vaxtartækifæri sín. Nokkur stór fyrirtæki eru þegar farin að horfa út fyrir landsteinana vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að ráða fólk hér að undanfögnu.

Áslaug Arna telur mikilvægt að bregðast hratt við þeirri stöðu sem upp er komin.

„Þetta er umfangsmikið verkefni sem kallar á samvinnu ráðuneyta og



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ráðherra

undirstofnana. Við þurfum að bæta þjónustu, hraða afgreiðslu og auka upplýsingagjöf. Ég horfi til þess að hér verði opnað fyrir hraðleið og skilgreiningar rýmkaðar.“

Áslaug vonast til að geta tilkynnt í hverju tillögurnar felast strax í júní.

„Þetta verða aðgerðir sem snúa að því að Ísland verði fyrsti valkostur fyrirtækja. Bæði varðandi skattaumhverfi vegna rannsókna

og þróunar en ekki síður til að opna Ísland fyrir þeim sem hingað vilja koma.“

Að mati Áslaugar felst lykill að bættum lífsgæðum í því að hugvit verði stærsta útflutningsgreinin.

„Ef það á að raungerast þurfum við fleira fólk. Við eigum í alþjóðlegri samkeppni um besta fólk og Ísland verður að vera eftirsóknarverður valkostur.“ ■



Franskir aktivistar mótmæla meðferð á Úígúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Gögn bendi til að Kína beiti Úígúra miklu harðræði

jonthor@frettabladid.is

**KÍNA** Ný skjöl varpa ljósi á fjölda-fangelsun Kínverja á Úígúrum og öðrum minnihlutahópum í svokölluðum endurmenntunarbúðum þar í landi. Þau bera nafnið Xinjiang-lögregluskjöl.

Í skjölunum má finna þúsundir ljósmynda afföngunum og þá þykja þau sýna fram á að þeir sem reyni að flýja búðirnar séu skotnir.



## Þjóðarbrot Úígúra býr að mestu leyti í Xing-jang-héraði í Kína og eru flestir múslimar.

Hakkarar komust yfir skjölun og sendu þau á fjölmiðla fyrr á þessu ári. Í gær birtust fréttir upp úr þeim, meðal annars frá BBC, en miðillinn segir skjölun skýra stöðu fólks í búðunum.

Þessar fregnir hafa vakið upp mikil viðbrögð. Til að mynda hafa þýsk stjórnvöld kallað eftir rannsókna. ■

# Flokkarnir sammála um Sundabraut

Samgöngur, hröð bygging íbúða, velferðarmál og grænar áherslur gætu orðið málafna-grunnur í formlegum meirihlutaviðræðum. Borgarstjórastóllinn gæti þó orðið bitbein.

bth@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** „Já, ég sé fyrir mér að Sundabraut verði byggð. Það er líklegt en útfærslan er enn óljós,“ segir Heiða Björg Hilmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Undir þetta tekur Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar:

„Við munum leggja áherslu á að fara í Sundabraut, að mínu mati er Sundabraut partur af þéttingu byggðar og uppbyggingu atvinnufyrirtækja á Esjumelum,“ segir Þórdís Lóa. Hún bætir við að Sundabraut sé umhverfisvæn og góð framkvæmd.

Einar Þorsteinnsson, oddviti Framsóknarflokksins, sagðist talsmaður Sundabrautar í kosningabaráttunni. Ekki er vitað til að andstaða sé meðal Pírata við Sundabraut. Flest bendir því til að ráðist verði í mannvirkni á kjörtímabilinu. Ef næst að mynda meirihluta milli flokkanna fjögurra.

Á blaðamannafundi í gær og í samtölum Fréttablaðsins við fulltrúa Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata komu fram áherslur sem vænta má að verði ræddar í ýmsum málafnum. Velferðarmál, hröð fjölgun íbúða, græn stefna í samgöngum og Sundabraut verða í kastljósinu.

Fulltrúar flokkanna halda þó að nokkru spilunum að sér „enda er ferðalagið sjálft fram undan“, eins og einn þeirra orðaði það.

„Málafni sem snúa að samgöngusáttmálanum, Borgarlínunni miðað við frumdrög og allt sem snýr að Miklubraut í göng og Sæbraut líka, eru líka á dagskrá,“ segir Þórdís Lóa um áherslur. Málafnalegur „þéttleiki“ sé innan hópsins.



Formlegar meirihlutaviðræður eru hafnar milli borgarstjórnarflokka Framsóknar, Viðreisnar, Samfylkingar og Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Málafni sem snúa að samgöngusáttmálanum, Borgarlínunni miðað við frumdrög og allt sem snýr að Miklubraut í göng og Sæbraut líka, eru líka á dagskrá.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar í Reykjavík

Það mál sem helst gæti orðið bitbein og sundrað samstöðu er sjálfur borgarstjórnastóllinn.

„Ég ætla ekkert að úttala mig um það hver eigi að verða borgarstjóri, hvenær eða hvernig það verður,“ sagði Einar Þorsteinnsson, oddviti Framsóknarmanna.

Áður hafði Fréttablaðið spurt Dag B. Eggertsson borgarstjóra og Einar hvort til greina komi að annar fulltrúi en þeir tveir úr hópi flokkanna fjögurra verði borgarstjóri. Hvorugur svaraði því beint.

Heimildir blaðsins herma að hjá Pírötum og innan Viðreisnar hafi verið rætt hvort lending í átökum Dags og Einars um borgarstjórnastóllinn gæti orðið ef einhver annar en þeir tveir yrði borgarstjóri.

Mjög óljós svör bárust frá þeim tveimur um þetta á fundinum í gær.

„Það er alveg rétt að átök um borgarstjórnastóllinn eru líklegasta ástæða ágreinings í þessum viðræðum,“ sagði innanbúðarmanneskja í Framsóknarflokknum í samtali við Fréttablaðið í gær.

Stíf krafa er meðal margra Framsóknarmanna um að þeir fái borgarstjórnann. Aðrir telja að reynsluleysi Einars standi slíkri kröfu fyrir þrifum.

Tíu dagar voru liðnir frá kosningum í gær þegar Framsókn, Samfylking, Píratar og Viðreisn kynntu formlegar viðræður. Oddvitar allra flokkanna fjögurra lýstu ánægju með skrefið.

Dagur lýsti ánægju með upphaf formlegra viðræðna en gat þess að staðan væri flókin. Verkefnið væri að tryggja meirihluta heilt kjörtímabil. ■

borgarleikhus.is

Frumsýning  
á morgun

Tryggðu þér miða



# Lífið er yndislegt.

Nú fæst **Platinum Edition aukahlutapakki** með Porsche Cayenne í takmarkaðan tíma. Pakkinn eykur við sportlegt útlit bílsins með 21" álfelgum, samlitum brettaköntum, svörtum háglans gluggalistum, lituðu gleri og sportlegum púststútum. Til að fullkomna pakkann eru lúxus upphituð sportsæti, bílbelti í sérlit, léttstýri, beygjustýring á aðalljós, panorama glerþak, Bose hljóðkerfi og margt fleira.

## Porsche Cayenne E-Hybrid (Plug-In).

Eigum bíla til afhendingar.



Hestöfl: 462 | Hámarkstog: 700 Nm | Hröðun: 5.1 sek. 0-100 km klst. | Fjórhljadrif með læstum millikassa | Læst afturdrif



PORSCHE

Bíla  
**Benna**

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | 110 Reykjavík | S: 590 2000 | porsche.is | Opið virka daga frá 9:00 til 18:00 og um laugardaga frá 12:00 til 16:00



Ekki skellt í lás. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vínbúðin áfram í Austurstræti

ser@frettabladid.is

**VERSLUN** Útlit er fyrir að Vínbúð ÁTVR verði áfram rekin í Austurstræti, en engin ákvörðun hefur verið tekin um að loka henni eins og til stóð á tímabili, að sögn Sigrúnar Óskar Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra ÁTVR.

Vínbúðin í Austurstræti hefur verið þyrnir í augum veitingamanna um árabíl, enda selur hún áfengar veigar á langtum lægra verði en öldurhúsin í kring geta boðið upp á.

Af þeim sökum, meðal annars, hafa verið áform uppi um að flytja verslunina í annað húsnæði, en þau hafa nú verið sett á bið. ■

## OR græðir á sífelld hærra verði á áli

ser@frettabladid.is

**ÍDNADUR** Tekjur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 jukust um 14 prósent frá fyrra ári og er helsta skýringin auknar tekjur Orku náttúrunnar af raforkusölu til stóriðju, en hluti af raforkusölu hennar er tengdur markaðsverði á áli.

Álverðið var líðlega 50 prósentum hærra fyrstu þrjú mánuði ársins 2022 en 2021 og 90 prósentum hærra en 2020 sem leiddi til þess að tekjur Orku náttúrunnar jukust um milljarð króna frá fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 til jafnlengdar í ár. ■

# Skýrsla um geðheilbrigðisþjónustu áfellisdomur yfir heilbrigðiskerfinu

Fjármagna þarf geðheilbrigðisþjónustuna til lengri tíma, að mati formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar. Heilbrigðisráðuneytið er gagnrýnt í nýrri skýrslu um málaflokkinn. Stjórnvöld hafa ekki yfirsýn, upplýsingum er ekki safnað og mismunur hefur viðgengist.

erlamaria@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Skýrslan staðfestir í raun það sem vitad er um veikleikana í geðheilbrigðisþjónustunni og heilbrigðiskerfinu hvað hana varðar,” segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, um nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðu geðheilbrigðismála.

Þórunn segir skýrsluna áfellisdom yfir heilbrigðiskerfinu. Geðheilbrigðismálin séu olnbogabarn þess og löngu tímabært sé að hætta tilviljanakenndum átaksverkefnum.

Skortur á yfirsýn er rauður þráður í skýrslunni. Upplýsingar um tíðni og þróun geðsjúkdóma liggja ekki fyrir, ekki er haldin miðlæg skrá um biðlista og ekki hefur farið fram greining á þjónustu og mannaflaþörf Landspítala. Þá liggja ekki fyrir upplýsingar um fjárför og raunkostnað þjónustunnar. Tölur um óvænt eða alvarleg atvik við veitingu geðheilbrigðisþjónustu eru ekki nægilega aðgengilegar né upplýsingar um fjölda kvartana til landlæknis. Engin skráning á beitingu þvingunarúrræða er fyrir hendi.

Ríkisendurskoðun varð sjálf fyrir bardinu á þessari óreglu en í skýrslunni er gagnrýnt hve erfiðlega gekk að fá svör og upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu vegna úttektarinnar: „Mátti Ríkisendurskoðun biða mánuðum saman eftir svörum við tilteknum spurningum, þrátt fyrir itrekanir. Ríkisendurskoðun telur jafnframt sum svör



Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingkona Samfylkingarinnar og formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir þingið þurfa að nota tækifærið og gera það sem gera þurfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
EYÞÓR

Þetta verkefni er svo miklu miklu stærra en að það sé hægt að leysa það með nokkrum átaksverkefnum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

ráðuneytisins hafa verið óskýr og illa rökstudd þegar þau loks bástust,” segir í skýrslunni.

Fréttablaðið sendi ráðuneytinu fyrirspurn þann 2. maí og óskaði viðbragða við gagnrýninni. Nú þremur vikum síðar hefur fyrirspurninni enn ekki verið svarað.

Þá er bent á innbyggða mismunur í geðheilbrigðiskerfinu. „Aðgengi að þjónustu ræðst gjarnan af efnahag, tegund geðvanda og búsetu. Mismunur felst einnig í því að tilteknir hópar lenda á svokölluðu gráu svæði og fá ekki þjónustu við hæfi,” segir í skýrslunni.

„Við verðum hér að hugsa um fjármögnun þjónustunnar til lengri tíma með skýrum markmiðum. Um það snýst málið. Geðheilbrigðisstefnan ein og sér getur verið ágæt, en á henni þarf að byggja aðgerðaáætlanir og hana þarf að sjálfsögðu að fjármagna. Hverja einustu aðgerð, hvert einasta skref. Og þar reynir á pólitíkina,” segir Þórunn.

Hún segir að vissulega séu margir veikleikar í kerfinu, grá svæði og gloppur, sem skýrslan bendi réttilega á. „Það er til dæmis ekki verið að tryggja fólki samfellda þjón-

ustu og aðgengi er ekki nægilega gott,” segir Þórunn.

Mönnunarvandi sé einnig stór þáttur og skortur á eftirfylgni þeirrar stefnu sem stjórnvöld hafi markað. „Það hefur vissulega verið farið í tiltekin átaksverkefni en þetta verkefni er svo miklu, miklu stærra en að það sé hægt að leysa það með nokkrum átaksverkefnum.“ Það þurfi langtíma fjármögnun úr ríkissjóði til að bæta geðheilbrigði í landinu. „Það mun á endanum auðvitað skila sér margfalt til baka ef okkur tekst að fækka sjálfsvígum, draga úr því að fólk missir starfsgetu eða lendir á örorkubótum og þar fram eftir götunum,” segir Þórunn.

„Ég lít svo á að þessi skýrsla sé tækifæri fyrir þingið til að sameinast um það sem við vitum öll að við þurfum að gera. Þá þarf pólitíkin að eiga það samtal mjög heiðarlega,” segir Þórunn. ■

## Segir húsnæðisskort hamla ferðapjónustu

thorgrimur@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Atvinnurekendur í ferðapjónustunni eru sammála um að manneklur í starfsgeiranum sé vandamál sem gangi hönd í hönd við húsnæðisvandann á landinu.

„Nú þegar við þurfum að fá fleira af erlendu starfsfólki inn en fyrir faraldur þá verður húsnæðisskorturinn enn meira vandamál,” segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar. „Húsnæðisskorturinn er farinn að hamla atvinnuþróun á ýmsum svæðum á landinu alveg verulega.“

Kristófer Oliverson, formaður FHG - fyrirtækja í hotel- og gistiþjónustu, tekur í sama streng.

„Þetta verður alltaf svolitill vitarhringur því þegar ferðapjónustan fer í gang fer Airbnb líka á fullt og sogar upp húsnæðið. Þá er ekki pláss fyrir heilsársstarfsemi og uppbyggingu þessara kjölfestu-fyrirtækja sem hótélín eru í hverju héraði. Skortur á húsnæði hægir á allri uppbyggingu í greininni,” segir Kristófer.

Jóhannes og Kristófer segja mannekluna sumpart vera vegna eftirkasta kórónaveirufaraldursins. Kristófer segir að þróun mála sé að mjakast í rétta átt en telur jafnframt



Þessi markaður hefur verið eyðilagður, bæði með reglugerðum og með kjarasamningum.



Kristófer Oliverson, formaður FHG

að það ætti að gera fyrirtækjum auðveldara að ráða til sín ungt fólk til starfa.

„Þessi markaður hefur verið eyðilagður, bæði með reglugerðum og með kjarasamningum sem eru þannig að það er of lítill launamunur á þessu unga fólki, sem er í raun að læra að vinna, og hinu eldra,” segir Kristófer. ■

**ÚRVAL ÚTSÝN**

**ÍTALÍUÆVINTÝRI**  
SUMARFEGURÐ Í VERONA VIÐ GARDAVATN

Komdu með í einstaka, vikulanga ferð til einnar af elstu borgum Evrópu, Verona verður heimsótt ásamt þekktustu svæðum við Gardavatn.

Í þessari ferð komum við til með að skoða, smakka, njóta og upplifa alls hins besta sem Ítölsk menning hefur upp á að bjóða með Önnu Ólöfu sem heldur vel utan um hópinn á meðan á ferðinni stendur.

Bjóðum upp á fjölda sérferða og pakkaferða til Ítalíu í beinu flugi í sumar. Kíktu við á [uu.is](http://uu.is)!

**12. – 19. JÚNÍ**  
VERÐ FRÁ **256.900 KR.**  
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

**INNIFALIÐ Í VERÐI:**  
BEINT FLUG FRAM OG TIL BAKA, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR, GISTING Á HÓTEL ITALIA 3\* MEÐ HÁLFU FÆÐI, VÍNSMÖKKUN, SKOÐUNARFERÐIR, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, AKSTUR TIL OG FRÁ FLUGVELLI

ÖRFÁ SÆTI LAUS Í ÞESSA VINSÆLU FERÐ

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir fararstjóri



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

Dór Vigfússon  
Myndlistarmaður á Djúpavogi  
Bakvörður frá upphafi



## Drjátíu þúsund þakkir til Bakvarða

Nýlega buðum við 30 þúsundasta Bakvörðinn velkominn í hópinn. Af því tilefni fórum við vítt og breitt um landið til að þakka fyrir stuðninginn. Hver einasti Bakvörður björgunarsveitanna skiptir miklu máli og við erum auðmjúk, þakklát og umfram allt stolt af ykkur öllum.

Við sendum þúsund þakkir til Bakvarða sem standa með okkur í hverjum mánuði. Þið vitið hver þið eruð.

Sjáðu svipmyndir frá ferðalaginu okkar á [landsbjorg.is](http://landsbjorg.is)

## Mikil tækifæri í loftslagstengdum verkefnum

Íslenskur frumkvöðull á sviði loftslagsmála segir að mikil tækifæri séu fólgin í að vera hluti af lausninni í loftslagsmálum. Loftslagstengd verkefni séu sá hluti af efnahagslífinu sem sé hvað mest vaxandi enda er brýnt að leysa vandann.

magdalena@frettabladid.is

Fyrirtækið Transition Labs hyggst beita sér af fullum þunga í baráttunni gegn loftslagsvánni. Fyrirtækið samanstendur af hópi frumkvöðla og framkvæmdafólks sem hefur áhuga á því málefni. Transition Labs var stofnað af þeim Davíð Helgasyni og Kjartani Erni Ólafssyni.

Í samtali við Markaðinn segir Kjartan að hugmyndin að fyrirtækinu hafi kviknað hjá Davíð en hann hafi um árabil verið virkur fjárfestir í loftslagstengdum verkefnum.

„Í samtölum við þessi fyrirtæki kom itrekað í ljós að þau eiga við sams konar áskoranir að stríða. Þá kviknaði sú hugmynd að þróa staðlaðar lausnir á þessum áskorunum sem hægt er að nýta aftur og aftur, fyrir hvert fyrirtækið á fætur öðru, til að flýta uppbyggingu og skölun þeirra. Þetta er kjarninn í starfsemi Transition Labs. Til að byrja með ætlum við að starfa á Íslandi því við metum það sem svo að sumt sé hægt að gera hér hraðar en annars staðar,“ segir Kjartan og bætir við að ýmislegt geri það að verkum að Ísland sé kjörinn staður fyrir loftslagstengd verkefni.

„Þeim kostum má til einföldunar skipta í tvennt. Annars vegar eru náttúrulegir kostir og hins vegar samfélagslegir kostir. Náttúra og auðlindir Íslands henta mörgum loftslagsverkefnum vel. Við búum á basaltklumpi sem gagnast sumum loftslagsverkefnum og hefur til dæmis gagnast Carbflix vel. Aðgangur að Norður-Atlantshafinu nýtist öðrum verkefnum. Græna orkan okkar leikur líka hlutverk. Síðan eru samfélagslegir þættir sem gagnast á



Davíð Helgasyni og Kjartan Erni Ólafssyni, segja að Ísland henti mörgum loftslagstengdum verkefnum afar vel.

MYND/ADSEND



**Fyrirtækin sem við byggjum upp eiga að vera rekstrarlega sjálfbær, geta skilað hagnaði og búið til verðmæti.**

Kjartan Örn Ólafsson, stofnandi Transition Labs

Íslandi eins og aðgangur að heims- klassa vísindafólki og stjórnvöld sem hafa metnað í loftslagsmálum og vilja greiða leið slíkra verkefna.“

Transition Labs hefur hafið samstarf við erlenda loftslagsfyrirtækið Running Tide en það hyggst hefja starfsemi hér í sumar. Running Tide

nýtir nýjustu tækni til að örva náttúrulegt ferli sjávarins við að fjarlægja kolefni úr andrúmsloftinu, bæta lífríki hafsins og skilar ávinn- ingnum bæði til sjávarplássu og vistkerfa heimsins. Aðferðir félags- ins fjarlægja kolefni í þúsund ár.

Kjartan segir að árangur af starf- semi Running Tide muni sjást strax á þessu ári.

„Samstarfið við Running Tide er fyrsta verkefnið okkar og fleiri samstarfsfyrirtæki munu sigla í kjölfarið.“

Kjartan bætir við að Running Tide sé eitt af flottustu loftslagsverk- efnum heims og hafi unnið til fjöl- margra verðlauna og viðurkenninga.

„Markmið Transition Labs er að flýta loftslagsbaráttunni. Við höfum stuttan tíma til að takast á við þetta verkefni. Ísland hefur lýst því yfir að það ætli að verða kol- efnishlutlaust árið 2040 þannig að það eru aðeins 18 ár til stefnu. Við trúum því að við getum flýtt því um nokkur ár að áhrifarík loftslagsverk-

### Björninn ekki unninn

Kjartan bætir við að þó að sú viðleitni að binda koltvísýring sé mikilvæg þurfi að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum hagkerfisins. „Loftslagslausnir sem binda koltvísýring eru ekki að fara að bjarga öllu. Þess vegna er mikilvægt að draga úr útblæstri eins og kostur er en öllum er ljóst að efnahagslífið fer tæplega niður í núll útblástur. Því er mikilvægt að binda það sem stendur út af og svo syndir fortíðarinnar allt frá upphafi iðnbyltingar. Þó að okkar lausn sé alls ekki allsherjarlausn þá getur hún reynst mikilvægur þáttur.“

efni ná skala og geti byrjað að hafa verulega áhrif á loftslagið til góðs.“

Kjartan segir jafnframt að mikil tækifæri felist í því að vera hluti af lausninni í baráttunni gegn loftslagsvánni.

„Allar rannsóknarskýrslur og spár greiningaraðila benda til þess að þetta sé sá hluti efnahagslífsins sem muni vaxa hvað hraðast næsta áratuginn. Margir líkja því sem er að eiga sér stað í loftslagstengdum verkefnum við það að standa á upphafsmetrunum í internetbylt-

ingunni. Umfang loftslagslausna í efnahagslífinu mun verða gríðar stórt ef spár ganga eftir.“

Kjartan segir að þau sem standa að Transition Labs brenni öll heitt fyrir loftslagsbaráttunni en að starfið megi ekki eingöngu vera borið uppi af hugsjón. „Fyrirtækin sem við byggjum upp eiga að vera rekstrarlega sjálfbær, geta skilað hagnaði og búið til verðmæti. Það er lykillinn að því að þau geti vaxið enn frekar og haft enn meiri áhrif til góðs.“ ■

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

## Mikilvægt að leiðtogar séu forvitnir

magdalena@frettabladid.is

Doktor Alan Watkins, stjórnenda- þjálfari og eigandi Complete, segir að einn mikilvægasti eiginleiki sem leiðtogar geti búið yfir sé forvitni.

„Þeir sem eru minna forvitnir ná einfaldlega ekki sama árangri og ofar öllu ættu leiðtogar að vera opnir og móttækilegir fyrir álit annarra. Þegar ég starfaði sem þjálfari árið 2012 fyrir Ólympíuleikana spurði ég þjálfarana hvort þeir þyrftu aðstoð við undirbúninginn. Sex af þeim sjö sem þáðu hjálp enduðu á verðlaunapalli,“ segir doktor Watkins og bætir við að þessi reynsla hafi kennt honum að vera opinn fyrir því að fá aðstoð frá öðrum og leita sífellt annarra leiða til að nálgast hlutina.



**Þeir sem eru minna forvitnir ná einfaldlega ekki sama árangri og ofar öllu ættu leiðtogar að vera opnir og móttækilegir fyrir álit annarra.**



Doktor Alan Watkins, stjórnendaþjálfari og eigandi Complete.

FRETTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Doktor Watkins hélt erindi á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs sem fram fór á Hilton síðastliðinn föstudag. Hann hélt erindi sem bar yfirskriftina: Ef þú telur að allt sé að breytast, þá ertu ekki einn. Í erindinu fjallaði hann um hver væri besta leiðin til að innleiða breytingar í fyrirtækjum.

„Fyrirtækin þurfa að ihuga þrjár

viddir breytinga. Það er að segja breyta því sem þau gera, breyta tengslum milli fólks og innleiða breytingar á einstaklingsgrund- velli. Þau þurfa að breyta öllum þessum þáttum til þess að breyt- ingarnar geti orðið til góðs. Ef fyrir- tæki eru ekki að ná árangri þarf að breyta því hvernig þau nálgast hlutina.“ ■





# FRUMKVÖÐLA AUÐUR auglýsir eftir umsóknum

Sjóðurinn styður við frumkvöðlastarf kvenna hér á landi með styrkjum sem hvetja til athafna og frumkvæðis. Stjórn sjóðsins veitir styrki sem úthlutað er 19. júní ár hvert.

---

**Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2022**

Kynntu þér málið á [kvika.is/samfelagsabyrgd/frumkvodlaaudur](http://kvika.is/samfelagsabyrgd/frumkvodlaaudur)



# Ný verslun í London verður flaggskipið

66°Norður hyggst opna 300 fermetra verslun á Regent Street í London fyrir lok september. Forstjórinn segir rökrétt að fíkra sig inn á breskan markað eftir velgengni fyrirtækisins í Danmörku síðustu ár.

ggunnars@frettabladid.is

Verslun 66°Norður í London verður sú þriðja sem fataframleiðandinn opnar utan Íslands en fyrir eru tvær verslanir í Kaupmannahöfn.

Helgi Rúnar Óskarsson forstjóri segir undirbúning hafa staðið yfir um nokkurra ára skeið. „Við höfum lagt áherslu á að vanda okkur í þessu. Við höfum í raun verið tilbúin í talsverðan tíma en ákváðum að biða af okkur heimsfaraldurinn. Þetta er í raun mjög rökrétt skref á þessum tímamarki.“

London hefur verið leiðandi í fataiðnaði og smásölu á evrópskan mælikvarða og segir Helgi því um mikilvægt skref að ræða og stóra fjárfestingu. „Félagið stendur vel og er með sterkan efnahagsreikning. Það skiptir máli þegar stigið er inn á svo stóran markað. En við höfum



Helgi Rúnar Óskarsson, forstjóri 66°Norður, segir London rökrétt næsta skref fyrir ört vaxandi vörumerki.

MYND/ADSEND

”

Okkur er annt um vörumerkið og viljum styrkja stöðu okkar hægt og bitandi.

Helgi Rúnar Óskarsson

unnið okkar heimavinnu og byggjum þessa ákvörðun á ítarlegum greiningum. Við vitum að breskur markaður er mjög móttækilegur fyrir okkar vörum og sjáum það greinilega í vefversluninni okkar sem dæmi. Þar eru Bretar stór hluti núverandi viðskiptavina okkar. Íbúar London eru meira að segja mjög áberandi,” segir Helgi.

66°Norður opnaði sína fyrstu verslun í Kaupmannahöfn árið 2014. Fyrirtækið rekur tvær verslanir í borginni í dag og hefur átt í samstarfi við þarlenda fataframleiðendur og hönnuði undanfarin ár. „Okkur hefur gengið vel í Danmörku og vörumerkið er komið á

kortið. Við áttum okkar besta ár í sölu úti í Danmörku í fyrra. Sem er merkilegt því verslanirnar voru lokaðar svo mánuðum skipti vegna faraldursins. Það er meðbyr með okkur og við finnum að vörumerkinu vex ásmegin.“

Helgi segir miklu máli skipta að hafa fulla stjórn á því hvernig vörumerki er byggt upp á nýjum markaði. „Það er helsti kosturinn við að opna eigin verslanir og þess vegna leggjum við mikla áherslu á það. Okkur er annt um vörumerkið og viljum styrkja stöðu okkar hægt og bitandi. Við sjáum klárlega fyrir okkur að opna fleiri verslanir í Bretlandi í framtíðinni en við tókum eitt skref í einu. Þetta er þolinmæðisvinna og mikilvægt að gera þetta rétt og vera raunsær.“

Verslun 66°Norður á Regent Street verður flaggskip fataframleiðandans. Helgi vonast til að geta tekið á móti fyrstu viðskiptavininum í London fyrir lok september. „Við eigum eftir að fá húsnæðið afhent. Ef samningar ganga eftir og allt verður eins og um var samið þá á það að ganga upp. Við erum full eftirvæntingar og hlökkum til að taka þetta skref,” segir Helgi Rúnar. ■

## Hlaupin hafi skipað stóran sess

### ■ Svipmynd

Hrafnhildur Hermannsdóttir

Nám: Hjúkrunarfræði.

Störf: Markaðsstjóri Eldum rétt.

**Fjölskylduhagir:** Er í sambúð með Kristófer Leifssyni og eigum við saman þrjú börn, Áróru 7 ára, Albert 4 ára og Matthildi Söru 2 ára.

Hrafnhildur Hermannsdóttir starfar sem markaðsstjóri Eldum rétt. Hún nýtur þess að hreyfa sig og skipa hlaup stóran sess í hennar lífi.

**Hver eru þín helstu áhugamál?**

Síðustu ár hafa hlaup skipað stærstan sess í þeirri deild. Ég nýt hvers konar hreyfingar mikið en hlaupin gefa mest. Ég hef náð að flétta saman hreyfingu og samverustundum með vinkonum mínum sem er ómetanlegt. Við höfum sett okkur saman markmið, við hlupum hálfmaraton í kringum Mývatn síðasta sumar og svo stefnum við á

Dyrfjallahlaupið á Borgarfirði eystri í sumar. Hlaupin eru líka svo dásamleg hugleiðsla sem gefur tækifæri til að hreinsa hugann.

**Hvernig er morgunrúttin þín?**

Þegar best lætur fer ég þrisvar í viku á æfingu áður en fjölskyldan fer á fætur. Það er draumabyrjun á deginum, að fara full af orku inn í daginn. Við reynum að eiga rólega morgna með krökkunum áður en þau fara í skóla og leikskóla og það tekst oftast. Stundum er þetta þó eins og upphafsatriðið í Home Alone þegar allir hlaupa sitt í hverja áttina og enginn finnur neitt. Þá er líka ansi góð stund að setjast niður með kaffibollan í kyrrðinni í vinnunni og skipuleggja daginn.

**Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?**

Það er líklegast eins og hjá flestum – Covid. Yngsta barnið okkar fæddist í febrúar 2020 svo ég var að byrja í fæðingarorlofi þegar Covid skall á. Ég hafði séð fyrir mér langa göngutúra og kaffihúshitninga með vinkonum. Þetta er þriðja barnið okkar svo markmiðið í fæðingarorlofinu var að slaka vel á og njóta.

En það breyttist ansi snögglega. Miklar áskoranir biðu okkar næstu tvö ár í Eldum rétt. Það var mikil aukning í þöntunum og á sama tíma samkomutakmarkanir. Skrifstofustarfsfólk vann heima svo ég og maðurinn minn unnum saman heima með yngsta krilið í fæðingarorlofi og hin tvö óreglulega í leikskólanum. Við komum sem betur fer vel undan Covid á vinnustaðnum og enginn veiktist alvarlega.

Ég fékk þó frekar slæma Covid-sýkingu sjálf og missti heilsuna í nokkra mánuði. Ég hef verið mjög heilsuhraust í gegnum tíðina svo þetta var mjög krefjandi tímabil og þá ekki síst andlegi hlutinn sem fylgir svona líkamlegum veikindum. Ég hef þurft að læra að kúpla mig niður og taka einn dag í einu.

**Hvaða áskoranir eru fram undan?**

Við erum í stöðugri þróun á okkar starfsemi. Við erum byrjuð með prófanir á nýju áskriftakerfi sem verður eitt það persónuáætlaðasta sem sögur fara af. Þá erum við að fara að hefja vegferð með nýjum eigendum sem gerir okkur kleift að fara af stað með stór verkefni. Eldum rétt á mikið inni og möguleikarnir eru



Hrafnhildur segir að uppáhaldsborgin hennar sé París enda sé þar einstaklega góðan mat að fá.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

endalausir. Við fáum mikla endurgjöf frá viðskiptavinum okkar sem hika ekki við hrósir, hvetja okkur áfram en láta okkur líka vita hvar er rými fyrir bætingar. Ég hef mikla þörf fyrir að láta gott af mér leiða og í starfi mínu fæ ég mörg tækifæri til þess.

**Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?**

Mér þykir óneitanlega alltaf mjög vænt um hjúkrunarfræðina. Áður starfaði ég á sængurlegudeild á Land-

spítalanum og á Heilsugæslunni, meðal annars í ungbarnaeftirliti, og þar fann ég mig vel. Það er mjög gefandi að vinna með nýbökudum foreldrum og ungbörnum í nánum samskiptum. Þetta er viðkvæmur hópur sem þarf að styðja vel við og hlúa að.

**Hver er þín uppáhaldsborg?**

París er uppáhaldsborgin mín. Hún hefur allt að mínu mati – góðan mat og fallett umhverfi, það er hægt að ganga um alla borgina og njóta. ■

# Haltu jafnvægi í rekstri

Bókhald í áskrift með Business Central. Verð frá 9.900 kr. (án vsk.) á mánuði.

Reiknaðu þína áskrift á wise.is



# FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

**Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is).**

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is).



**HAGKAUP**

577 5600 | [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is) | [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is)



Óskaskrín

# Skilvirk illska



Aðalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

**Þ**ótt rasistar leynist í flestum íslenskum stjórnmaflokki hafa þjóðernissinnar og flokkar sem hafa útlendingaandúd og rasisma sem sitt helsta stefnumál aldrei unnið kosningasigra hér, líkt og í sumum nágrenna ríkjum okkar.

Mikill meirihluti Íslendinga vill bjóða það fólk velkomid sem leitar skjóls hjá okkur og langflestum okkar er alveg sama hvort einhver önnur Schengen-þjóð hafi áður lofað skjóli. Ef fólk vill búa hér hjá okkur frekar en í Grikklandi, höfum við bæði nóg pláss og næga vinnu.

Svo virðist þó sem báðar hendur ríkisstjórnarinnar séu bundnar. Lögin standa í vegi fyrir gestrisni hennar. Útlendingaandúðin er í lögum og þeim þarf því miður að framfylgja. Þetta er kunnuglegt stef. Í hvert skipti sem íslenska þjóðin ris upp gegn illsku í garð flóttafólks beita ráðherrar löggjöfinni sem málsvörn. Af þessum sökum hefur endurskoðun útlendingalaga staðið yfir næstum sleitulaust frá arabíska vorinu þegar mikill straumur flóttafólks leitaði til Evrópu í leit að skjóli. Það kemur því ekki á óvart að nú kalli ráðherrar ríkisstjórnarinnar eftir heildarumræðu um útlendingalöggjöfina.

Við erum flest sammála um að eyða þurfi útlendingaandúd úr lögum. En það er með hatrið eins og margt sem sprottið er af illum rótum. Því er komið fyrir milli lína og undir rós. Hverju skrefi í átt til meiri mannúðar fylgir líka aukin illska. Þrátt fyrir að útlendingaandúðin nái aldrei kjóri ræður hún því að gestrisnin fær aldrei að vera markmið laganna heldur skilvirkni.

Í frumvarpi dómsmálaráðherra sem nú er til meðferðar á Alþingi er lagt til að allar synjanir Útlendingastofnunar kærast sjálfkrafa til kærufundar um útlendingamál. Lítur vel út samkvæmt orðanna hljóðan en þýðir í raun að umsækjandiinn hefur mun styttri tíma til að undirbúa varnir sínar gegn brottvísun. Þrengja á að möguleikum fólks til fjölskyldusameiningar og heimila Útlendingastofnunar að skerða eða fella niður rétt hælisleitenda til grunnþjónustu á borð við fæði, húsnæði og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu þegar ákvörðun um brottvísun liggur fyrir. Það er ekki að ástæðulausu að þetta frumvarp hefur verið kallað ógeðslegasta frumvarp sem lagt hefur verið fram.

Svona er afrakstur heildarumræðu um útlendingalöggjöfina. Það er trúnaðarbrætur í þessum málflokki sem er tilkominn af því að venjulegir Íslendingar vilja bjóða fólk á flóttavelkomið en stjórnvöld vilja reka það á dyr með skilvirkum hætti. Í því liggur ágreiningurinn en ekki í lagatæknilegum útfærslum. ■

Venjulegir Íslendingar vilja bjóða fólk á flóttavelkomið en stjórnvöld vilja reka það á dyr með skilvirkum hætti.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Fasistastjórn!

Það hvein heldur betur í tálknum Laugarnessklerksins í gærðag sem lét það út úr sér, sí sona, að „í fréttum er það helst að fasistastjórn VG hefur ákveðið að miga á Barnasáttmála Sp.“ Nú er séra Davíð Þór Jónsson harla vanur að grípa til gasalegustu lýsingarordanna, en líklega er þetta nokkuð vel í lagt, af hans hálfu, svo ekki sé meira sagt. Ummælin atarna verður líka að setja í samhengi, en vel að merkja, formaður Vinstri grænna var einu sinni í sambúð með skrifara þessara þungu orða, sálahirðinum í Laugarnesi.

### Helvítí

Þessi umtalaða stöðufærsla Davíðs Þórs á fésbókinni, sem eflaust hefur farið öfugt ofan í einhverja og jafnvel fleiri til, kemur í kjölfar kröftugrar yfirlýsingar biskups á forsiðu Fréttablaðsins í gærðag sem forðæmdi þar fyrirhugaðar fjölda-brottvísanir hælisleitenda. Aftal má að undirmaðurinn Davíð Þór skáki nokkuð í skjóli þeirra orða. Eða hvað? Hann segir sérstakan stað vera til í helvítí fyrir VG-liða sem ætli að senda fjölda barna úr langþráðu öryggi á Íslandi í byttum fyrir völd og vegtyllur. Nú er bara spurning hvort Davíð Þór vísi sinni fyrrverandi veginn. ■

## Við erum ekki/öll rasistar



Þórunn  
Sveinbjarnardóttir  
þingkona Samfylkingarinnar  
- jafnaðarmannaflokks Íslands

Ísland er að breytast hratt og til hins betra. Einsleitni er ekki lengur ráðandi og Íslendingar eru alls konar. Við sem lítum út fyrir að geta rakið ættir okkar til miðalda í Íslendingabók þurfum að aðlagast nýjum veruleika. Eins og dæmin sanna gengur sú aðlögun upp og ofan.

Forsenda þess að við getum byggt upp lýðræðislegt fjölmenningsarsamfélag er að við öll horfumst í augu við eigin fordóma, afneitum þeim ekki heldur göngumst við þeim og vinnum með þá.

Hversdagslegur rasismi sem birtist í alls kyns öraráreitum er daglegt hlutskipti margra samborgara okkar. Hann getur birst á tiltölulegan meinlausan en afar þreytandi hátt, til dæmis með því að einstaklingar eru ávarpaði á ensku í verslunum og á vinnustöðum. Hann getur birst sem áreiti, beint og óbeint: Má ég snerta á þér hárið?

Hvaðan ertu? Úr Breiðholtinu? Nei, ég meina HVADAN ertu?

Hann birtist í því að heyra ekki hvað fólk er að segja heldur hvernig það segir það.

Ög þannig mætti áfram telja.

Í athugasemdakerfum fjölmiðlanna virðist markleysi algert. Þar fær hatursorðræðan að bólgná út í ógeðfældri blöndu af íslamófóbíu, rasisma og kvenfyrirlitningu. Ég velti því fyrir mér hvort skrifarar mundu láta það sem þar má lesa út úr sér augliti til augliti við manneskjuna sem um ræðir.

Hinum kerfislæga rasisma verður ekki heldur afneitað. Nýlegt dæmi um framgöngu lögreglunnar við leit að strokufanga afhjúpaði hann með sársaukafullum hætti. Við erum öll jöfn fyrir lögunum – eða hvað?

Íslenskt samfélag stendur á tímamótum og nú reynir á að stjórnmafólk skynji og skilji hlutverk sitt og ábyrgð og taki forystu í baráttunni gegn mismunum og rasisma hér á landi. Eigi það að takast skulum við ekki afneita veruleikanum, heldur viðurkenna eigin fordóma, vanda okkur í daglegum samskiptum og ráðast af öllu afli gegn kerfislægum rasisma. ■

”  
Horfumst í augu við eigin fordóma, afneitum þeim ekki.

**FRÉTTAVAKTIN**  
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.  
í opinni dagskrá á virkum dögum  
á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA  
VAKTIN

HRINGBRAUT

# Ísland á að setja sér metnaðarfulla fjarvinnustefnu



**Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir**  
Þingmaður  
Viðreisnar

Fjarvinna jókst til muna á tímum heimsfaraldurs og sóttvarnaaðgerða. Reynslan leiddi af sér nýja hugsun og nálgun um hvar fólk getur unnið vinnuna sína. Til varð skilningur á því að einn fastur vinnustaður sé ekki eina leiðin. Í júlí 2020 sögðu 78% starfsfólks á evrópskum vinnu-markaði að þau myndu kjósa að geta unnið áfram í fjarvinnu að einhverju leyti. Fjarvinna hefur sömu-leiðis verið litin jákvæðum augum af vinnuveitendum vegna jákvæðra áhrifa á framleiðni og vegna þess að sveigjanleiki leiðir til aukinnar starfsánægju. Fjarvinna og tækni tengd henni skapa jafnframt ný tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til að draga úr rekstrarkostnaði vegna húsnæðis og ferða.

Fjarvinna á auðvitað ekki alls staðar við en þar sem hún á við getur hún haft jákvæð áhrif á marga þætti starfsins og á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Margir kjósa að geta átt kost á fjarvinnu að hluta í stað þess að vinna eingöngu að heiman. Fjarvinnustefna getur haft jákvæð áhrif á samgöngur og umferðarþunga og um leið stutt við markmið stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum. Síðast en ekki síst felast mikil tækifæri í fjarvinnustefnu fyrir landsbyggðirnar. Aukin áhersla á fjarvinnu sem og störf án staðsetningar leiðir til þess að hægt er að stunda vinnu óháð búsetu.

### Tími skrifstofunnar liðinn í Finnlandi

Á meðan heimsfaraldur Covid-19 stóð sem hæst voru allt að 37% starfsfólks í Evrópu í fjarvinnu. Hlutfallið var hins vegar umtalsvert hærra í Finnlandi, þar sem það fór í 59% samkvæmt könnuninni „Living, working and COVID-19“ frá 2020. Finnland hefur til lengri tíma verið leiðandi í að liðka fyrir fjarvinnu þegar kostur er á. Árið 2019 var Finnland með eitt hæsta hlutfall starfsfólks í fjarvinnu í Evrópu, en hlutfall starfsfólks sem var reglulega í fjarvinnu var 14,1% í Finnlandi á meðan hlutfallið í öðrum Evrópuríkjum var að meðaltali um 5,4%. Þegar litið var til þeirra sem unnu að hluta til í fjarvinnu var þetta hlutfall 25% í Finnlandi.

Hverjar eru ástæðurnar fyrir því að tími skrifstofunnar er að liða undir lok í Finnlandi? Finnar eru framarlega í stafrænni tækni, sbr. Digital Economy and Society Index (DESI). Sterkir stafrænnir innviðir í Finnlandi hafa verið lykilþáttur í háu hlutfalli starfsfólks í fjarvinnu. Þá er atvinnuástandurinn sjálfur og samsetning starfa í Finnlandi þannig að hátt hlutfall starfa hentar til fjarvinnu. Finnisk stjórnvöld hafa stigið markviss skref til að styðja við fjarvinnu þar sem hún á við. Sveigjanlegur vinnutími hefur verið lögfestur í finnskri laga-setningu alveg frá 1996. Árið 2011 buðu 92% fyrirtækja í Finnlandi starfsfólki upp á sveigjanlegan vinnutíma. Þessi stefna er grundvallarþáttur um að koma til móts við fjölskyldur og foreldra á vinnu-markaði og það á ekki að líta fram hjá því að fjarvinnustefna getur haft ólík áhrif á kynin. 1. janúar 2020 tóku gildi lög í Finnlandi sem heimiluðu starfsfólki í fullu starfi að skipuleggja um helming vinnu-



tíma síns, þ.e. hvar og hvenær vinna þess er innt af hendi.

Mörg stærri alþjóðleg fyrirtæki hafa innleitt blöndu af fjar- og staðvinnu þannig að samkomulag er um hversu oft starfsfólk mætir á skrifstofu, en að öðru leyti hefur starfsfólk frelsi um hvar það innir af hendi sín verkefni.

### Fjarvinna í þágu loftslagsmála

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum. Liður í því að ná þeim fram er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaumferð og samgöngum innanlands. Fjarvinnustefna getur stutt við þau markmið. Reynsla Finna sýnir þessi tengsl. Árið 2109 unnu um 357.000 starfsmenn í fjarvinnu í Finnlandi en í heimsfaraldrinum fór sú tala upp í 790.000.

Frá 2019-2020 dró úr meðalakstri um 4%, þ.e. um fjölda ekinna kílómetra fólksbíla. Fjarvinna er vafalítið stór þáttur í því þótt aðrir þættir hafi einnig haft áhrif svo sem færri samkomur. Samkvæmt spám þar í landi er talið að árið 2030 verði fjöldi starfsmanna í Finnlandi í fjarvinnu 577.000. Samkvæmt sömu spám er reiknað með að hægt verði að minnka koltvísyringslosun frá bílaumferð á ársgrundvelli um allt að 125.000 tonn vegna aukinnar fjarvinnu.

### Fjarvinna og byggðastefna haldast í hendur

Híð opinbera getur bæði skapað atvinnutækifæri og rekið kraftmikla byggðastefnu með því að vera sveigjanlegra í nálgun um fastar starfstöðvar. Sem stendur er eitt ráðuneyti af 12 með fram-sækna stefnu í þessum efnum en hvers vegna vinnur Stjórnarráðið ekki allt eftir fjarvinnustefnu?

Þannig er hægt að laða að og halda í hæfileikaríkt starfsfólk, spara í skrifstofurekstri og ferðakostnaði, auka sveigjanleika starfsfólks og leggja markmiðum á sviði loftslagsmála lið. Íbúar á landsbyggðunum gætu keppt um störf opinberra stofnana með því að vinna hana í fjarvinnu, ýmist að heiman eða á sérstakri fjarvinnuáðstöðu.

Ég hef lagt fram þingsályktunartillögu um að stjórnvöld framkvæmi úttekt á tækifærum í fjarvinnu og fjarvinnustefnu fyrir íslenskan vinnu-markað. Í kjölfarið verði lagðar fram tillögur um að auka möguleika á fjarvinnu þar sem henni verður komið við. Teknar verði saman upplýsingar um þá reynslu sem varð til í heimsfaraldrinum og settar fram tillögur um hvernig má auka hlut fjarvinnu á íslenskum vinnu-markaði. Með þessu geta íslensk stjórnvöld orðið leiðandi um að festa fjarvinnustefnu í sessi. ■



**Fjarvinna á auðvitað ekki alls staðar við en þar sem hún á við getur hún haft jákvæð áhrif á marga þætti starfsins og á jafnvægi milli vinnu og einkalífs.**



## Snyrtivöruverslunin Glæsibæ er til sölu

Tísku- og snyrtivöruverslunin hefur verið starfrækt í verslunarmiðstöðinni Glæsibæ frá því hún tók til starfa árið 1970. Eigendum þykir tími til kominn að aðrir taki við keflinu og vilja selja rekstur, birgðir og innanstokksmuni.

Auk snyrtivara selur verslunin fatnað og fylgihluti með áherslu á aldurshópin 40+. Hlutfall fatnaðar í sölu er um 50%. Í versluninni eru seld þekkt alþjóðleg snyrtivöruemerki s.s. Chanel, Lancome, Guerlain, Helena Rubenstein, Bioterm og Bioeffect auk ilmvatna.

Verslunin er vel staðsett í rúmlega 100 fm. leiguhúsnæði. Stöðugildi eru að jafnaði 2-3. Hentar vel einum eða fleiri einstaklingum með áhuga á þessu sviði.

## Kontakt

Nánari upplýsingar veitir

Brynhildur Bergþórsdóttir | Kontakt fyrirtækjaráðgjöf  
brynhildur@kontakt.is | 868 8648



SVIÐSLISTAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

PERFORMING ARTS CENTRE ICELAND

## Sviðslistamiðstöð Íslands auglýsir eftir umsóknum um ferðastyrki

Performing Arts Centre Iceland  
open call for travel grants

Ferðastyrkir eru veittir sviðslistafólki til sýningaferðalaga erlendis eða til að taka þátt í viðburðum sem miða að því að vekja áhuga, auka sýnileika og eftirspurn eftir íslenskum sviðsverkum utan landsteinanna.

Travel grants are granted to professional performing artists for international touring or participation in events aimed at increasing interest, visibility and demand for Icelandic performing arts works outside of Iceland.

Sviðslistamiðstöð úthlutar 75.000 kr. á einstakling fyrir ferðir innan Evrópu en 100.000 kr. fyrir ferðir utan Evrópu.

The centre provides ISK 75,000 per person for trips within Europe and ISK 100,000 for trips outside Europe.

Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2022.

The application deadline is 8th June 2022.

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknarform er að finna á [www.svidslistamidstod.is](http://www.svidslistamidstod.is)

Further information and an online application form can be found at [www.svidslistamidstod.is](http://www.svidslistamidstod.is)

## Merkisatburðir

- 1986** Hands Across America: 6,5 milljónir manna mynda mannlega keðju í þágu baráttu gegn hungri, fátækt og heimilisleysi.
- 1986** 600 farast þegar ferju hvolfir á ánni Meghna í Bangladess.
- 1987** Mesti jarðskjálfti á Suðurlandi síðan 1912 verður í Vatnafjöllum, suður af Heklu, hann er 5,7 stig.
- 1995** Ísafjarðarkirkja er vígð.
- 2000** Ísrael dregur herlið sitt frá Líbanon eftir 22 ára her-setu.
- 2001** Erik Weihenmayer verður fyrsti blindi maðurinn sem kemst á tind Everestfjalls.
- 2008** Knattspyrnufélagið Valur vígir Vodafonevöllinn við Hlíðarenda.
- 2008** Geimfarið Phoenix lendir á Mars.
- 2013** Hallsteinsgarður í Grafarvogi er vígður.



Petter Jonny með tunnuna góðu.

MYND/  
STEINAR BAUGE

## Hrífdælingur fylgir síðustu síldartunnunni heim

Síðasta síldartunnan frá Dale til Íslands er loks á leiðinni til landsins eftir áratuga dvöl í Hrífudal.

arnartomas@frettabladid.is

Í norska bænum Dale í Dalsfirði voru síldartunnur framleiddar og seldar til Íslands áratugum saman, fram á níunda áratug síðustu aldar. Árið 1986 var flutningaskipið Suðurland á leið úr höfn Dalsfjarðar með síðustu sendinguna til Íslands þegar tunna féll fyrir borð og hafnaði í sjónum. Tunnuna rak á land við Hrífudal þar sem maður að nafni Petter Jonny Riverdal bjargaði henni og hefur varðveitt hana á á heimili sínu síðan.

Nú er tunnan væntanleg heim til Íslands sem hluti af íslensk-norsku samstarfsverkefni. Eftir hátiðlega athöfn í norska sendiráðinu mun þessi síðasta síldartunna ferðast norður á Siglufjörð þar sem hún verður afhent Síldarminjasafni Íslands.



Afsteypa stytta landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar í Hrífudal. MYND/PETTER JONNY

### Bernskuslóðir landnemans

Tunnuvörðurinn og Hrífdælingurinn Petter Jonny hefur sjálfur sterkar taugar til Íslands en auk þess að gæta síldartunnunnar hefur hann einnig haft umsjón með stytta Ingólfs Arnarsonar í Hrífudal. Sú er afsteypa af styttni sem stendur á Arnarhóli og var afhjúpuð 1961 af Bjarna Benediktssyni þáverandi forsætisráðherra. Staðsetning styttnar er engin tilviljun en bernskuslóðir Ingólfs eru taldar vera í Hrífudal.

Það var árið 2008 þegar Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, heimsótti Hrífudal að hugmyndin kviknaði, að koma síðustu síldartunnunni frá Dale til Íslands. Peter Jonny og fjölskylda verða heiðursgestir norska sendiráðsins á sunnudag þar sem sögu tunnunnar verður fagnað í hópi valinkunnra gesta. Það verður mikil hátíðarstund en Petter



Við sögðum strax já því okkur fannst þetta svo merkilegt, bæði út af landnámsstengslunum við Hrífudal og líka út af sögunni í kringum síldarárin.

Jonny hefur aldrei áður fengið tækifæri til að heimsækja Ísland þrátt fyrir mikinn áhuga á sögulegum tengslum Íslands og Noregs.

### Íslandsvinur í fjarvinnu

„Við erum rosalega peppuð fyrir þessu,“ segir Silje Beite Løken hjá norska sendiráðinu. „Við erum oft í menningarsamstarfi og það er í uppáhaldi hjá okkur þegar við finnum tengsl á milli landanna sem hægt er að styrkja með svona verkefni.“

Þegar tillaga að verkefninu var borin fram af íslenska sendiráðinu í Noregi segir Silje að norska sendiráðið hafi ekki látið á sér standa.

„Við sögðum strax já því okkur fannst þetta svo merkilegt, bæði út af landnámsstengslunum við Hrífudal og líka út af sögunni í kringum síldarárin,“ segir hún og bætir við að það sé gaman að fá Petter Jonny með í för. „Hann er mikill Íslandsvinur án þess að hafa komið hingað áður. Ég reikna með að hann verði enn meiri Íslandsvinur þegar hann fer heim aftur!“ ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Kristjana Kristjónsdóttir** frá Ólafsvík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 23. maí. Hún verður jarðsungen frá Ólafsvíkarkirkju laugardaginn 28. maí kl. 14.

**Guðlaug J. Steinsdóttir**  
**Leidy Karen Steinsdóttir**  
**Randver Agnar Steinsson**  
**Ragnheiður G. Steinsdóttir**

**Guðmundur Gísli Egilsson**  
**Jóhann Magni Sverrisson**  
**Kristín I. Rögnvaldsdóttir**  
**Gunnar Björn Gíslason**

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma, **Lilja Magnúsdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 20. maí. Jarðsungið verður fimmtudaginn 2. júní frá Háteigskirkju kl. 13.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Kristniboðssambandið.

**Guðbjörn Baldvinsson**  
**Lilja Baldvinsdóttir**  
**Kristján Árni Baldvinsson**  
**Magnús Þ. Baldvinsson**  
**Halldór Baldvinsson**

**Ingibjörg Sigurðardóttir**  
**Bettina Wilhelmi**  
**Katrín Garðarsdóttir**

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi, **Pétur Sveinsson**

fv. rannsóknarlögreglumaður, Prestastíg 9, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakots fimmtudaginn 12. maí. Útför hans fer fram frá Guðriðarkirkju föstudaginn 27. maí klukkan 10. Hjartans þakkir til Heru og starfsfólks Landakots fyrir ljúfa og yndislega umönnun.

Streymt verður frá athöfninni. Hlekk á streymi má nálgast á [www.mbl.is/andlat](http://www.mbl.is/andlat).

**Bjarney K. Friðriksdóttir**

**Jón, Edda, Sveinn, Berglín, Arnfríður, Arngrímur, Pétur Ingi, Sara Dögg, Guðný, Friðrik, Stella, Davíð, Anna Birna, afa- og langafabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma, **Guðbjörg Anna Pálsdóttir** Rjúpnasölum 10, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 22. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hreiðar Sigurbjarnason**

**Ingibjörg Torfadóttir**  
**Ragna Sigríður Reynisdóttir**

ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, fyrrum eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur, **Jón Ágústsson** þroskaþjálfari,

lést fimmtudaginn 19. maí umvafinn fjölskyldu sinni. Jarðarförin fer fram frá Guðriðarkirkju mánudaginn 30. maí kl. 13.

**Guðrún Sigríður Ólafsdóttir**

**Brynhildur Guðmundsdóttir**

**Þengill Fannar Jónsson**

**Þorgíls Máni Jónsson**

**Ingileif Valdís Jónsdóttir**

**Rannveig Pálmadóttir**

**Ólafur Leifsson**

**Pálmi Ágústsson**

**Guðrún Fema Ágústsdóttir**

**Sigríður Mör Ólafsson**

**Elin Jónsdóttir**

**Gunnar Valur Sveinsson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Guðmunda Hjartardóttir** Grundarfirði,

lést að Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjöli í Grundarfirði, þann 17. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju, föstudaginn 27. maí, kl. 13.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á minningarsjóð Fellaskjöls.

Athöfninni verður streymt á YouTube-síðu Grundarfjarðarkirkju.

**Hafsteinn**

**Hermann og Elísa Anna**

**Ingi Hans og Sigurborg Kristín**

**Hjördís og Sævaldur Fjalur**

**Guðmundur H. og Margrét**

**barnabörn og langömmubörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 25. maí 2022



Kranavatn getur reynst varasamt.

## Vatn á ferðalagi

thordisg@frettabladid.is

Flestir vilja njóta ferðalaga án þess að þurfa að takast á við veikindi. Til að minnka líkur á veikindum þarf ferðalag vandaðan undirbúning. Þetta á sérstaklega við um ferðir á framandi slóðir þar sem sjúkdómar sem ekki þekkjast á Íslandi eru landlægir. Ávallt skal ganga úr skugga um hvort óhætt sé að drekka kranavatn í landi sem dvalið er í. Algengt er að kranavatn sé ekki neysluhæft. Getur þar verið um að ræða mengun vegna efna, einfrumunga, baktería og veira. Suða í 5 mínútur drepur einfrumunga og örverur í vatni en losar það ekki við efnamengun. Til þess þarf sérstaka filtera. Heimamenn síá gjarnan kranavatn með filterum en einfaldara er fyrir ferðafólk að kaupa vatn á innsigliðum flöskum.

### Heimamenn vita best

Á ferðum úti í náttúrunni þarf að kanna hvort óhætt sé að drekka vatn úr ám og lækjum. Séu lækir tærir og hreinir er óhætt að drekka vatnið ef siað með filter sem hreinsar úr því einfrumunga eða örverur sem valdið geta sjúkdómum. Filterar eru mismunandi eftir því hvort vænta má eingöngu einfrumunga eða hvort síá þarf úr örverur. Best er að kaupa filtera á staðnum því afgreiðslufólk þar veit hvað þarf að nota á svæðinu. Til eru vatnsbrúsar með slíkum filterum sem nota má á ferðalögum í náttúrunni. Á svæðum þar sem vatn er sýnilega óhreint eða hætta er á efnamengun ætti að bera með sér allt drykkjarvatn. ■

HEIMILD: HEILSUVERA.IS

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS**ALOE VERA**  
MELTING & BÓLGUR

www.celsus.is



Birgir Már hefur lengi haft gríðarlega ástriðu fyrir viskii og segist hafa byrjað að smakka það áður en hann mátti byrja að drekka. Hér stillir hann sér upp fyrir framan eimunargræjurnar í Þoran distillery í Hafnarfirði. Hann segir það gefandi en þó krefjandi að starfa í sterkvinsbransanum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Eimar af einlægri ástriðu

Birgir Már Sigurðsson er einn af þeim sem hafa á síðustu árum lagt í það krefjandi en spennandi verkefni að framleiða íslenskt áfengi. Ásamt því að framleiða íslenskt gin og eina íslenska Limoncello-ið á markaðnum, liggja nú 4.000 lítrar af viskii í þroskun á tunnum. **2**



Jóhanna María  
Einarsdóttir  
jme  
@frettabladid.is

Birgir hefur að eigin sögn verið áhugamaður um viski í tuttugu ár. „Ég hef verið að drekka viski frá því áður en ég mátti drekka viski. Ætli þetta hafi ekki byrjað þannig. Ég fór nú samt ekki að framleiða áfengi fyrr en 2018 og fyrsta varan okkar, Marberg gin, kom á markað í janúar árið eftir,“ segir Birgir.

### Hefur heimsótt hátt í fjörutíu eimingarhús yfir ævina

Birgir hefur ekki tölu á því hversu mörg eimingarhús hann hefur heimsótt um ævina. „Ætli þau séu ekki fjörutíu? Aðallega í Skotlandi og Bandaríkjunum og eitthvað í Skandinavíu. Mörg þeirra framleiða milljónir lítra á ári af viskíi, en sjálfum finnst mér skemmtilegast að heimsækja litlu framleiðendurna sem er oft persónulegri og einstakari upplifun.“

Ásamt því að heimsækja eimingarhús hefur Birgir líka setið ýmsa fyrirlestra og námskeið, farið á vörusýningar og svo mætti lengi telja. „Meðal annars sat ég námskeið hjá Glenlivet Whisky School, vann hjá Highland Park Distillery á Orkneyjum og er þar að auki svokallaður Certified Whiskey Specialist og Certified Scotch Professional frá The Council of Whisky Masters.“

### Hví ekki íslenskt viski?

„Árið 2010 fór ég í pílgrímsferð til Skotlands til að heimsækja nokkrar framleiðslur og fræðast meira um ferlið. Þar tók ég eftir því hversu lík löndin tvö, Ísland og Skotland, eru. Þá vaknaði hjá mér þessi spurning: Af hverju erum við ekki að búa til viski á Íslandi? Þessi spurning var áfram í kollinum á mér á árunum sem fylgdu, þar til ég athugaði hvort það væri í raun gerlegt að hefja framleiðslu á íslensku viskíi. Því meira erum við las og lærði, því raunhæfari varð þessi hugmynd og með smá aðstöðu frá Matis og Landbúnaðarháskóla Íslands lét ég verða af því að stofna Þoran Distillery ehf.“

Birgir segir þó margt vera ólíkt hjá löndunum tveimur. „Það er varla hægt að bera saman íslenska og skoska viskíframleiðslu. Þeir hafa gert þetta í meira en 200 ár á meðan við erum bara rétt nýbyrjuð að fóta okkur í þessum bransa. Það sem við höfum umfram Skotana er kannski það að við getum leyft okkur meira tilraunastarf og leik. Á meðan þurfa Skotarnir að tryggja að viskið sem þeir framleiða í dag bragðist eins og það hefur alltaf gert og mun alltaf gera.“

### Vill bera út boðskapinn

„Ég tilheyri nokkrum göðum smakkhópum hér á landi og reyni að bera út viskíboðskapinn eins



Birgir segir þá hafa verið skemmtilegt gæluverkefni að framleiða íslenskt Limoncello og að áhugi fyrir því hafi farið fram úr hans björtustu vonum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

jáni eða hvort hægt væri að kaupa flösku hjá okkur. Í dag erum við að panta inn rúmlega 300 kíló af sitrónum fyrir hverja lotu og verður næsti skammtur 100% lífrænn í þokkabót. Áhugasamir geta nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu okkar, limoncello.is,“ segir Birgir.

### Samtök íslenskra eimingarhúsa

Áfengisbransinn á Íslandi er þó að sögn Birgis nokkuð flókið batterí og mikið um reglugerðir og skatta. Hins vegar sé skortur á reglugerðum um hvað megi kalla íslenskt áfengi og hvað ekki, og það vill Birgir að verði leiddrétt. „Í stuttu máli sagt, þá fer enginn í áfengisbransann á Íslandi til þess að verða ríkur. Lagaumhverfið er erfitt og skattarnir háir. En ég hef gaman af þessari vinnu, sérstaklega viskíframleiðslunni, þannig að fyrir mig er þetta erfðisins virði.“

Við erum nokkur hér á landi sem framleiðum íslenskt sterkvín og höfum tekið höndum saman og stofnað Samtök íslenskra eimingarhúsa. Okkar markmið er að styðja við innlenda framleiðslu á sterkvín, auka vitund íslenskra og erlendra neytenda um þau sterkvín sem Ísland hefur upp á að bjóða ásamt því að stuðla að heilbrigðri neyslu á áfengi. Í samtökunum eru fyrirtæki sem öll eiga það sameiginlegt að framleiða (eima) sína vöru hér á landi og nota til þess íslensk hráefni, hvort sem um er að ræða kryddjurtir, korn eða vatn.

Því miður hefur orðið töluverð aukning á framboði hinna ýmsu vara sem sagt er að séu íslenskar, en þegar grannt er skoðað kemur í ljós að megnið af þeim „íslensku“ sterkvínunum sem eru í boði er í raun og veru framleitt erlendis, flutt inn í stórum tönkum og sett á flösku hér. Svo er mjög íslenskum miða skellt á flöskuna og varan kölluð vikingavodka eða lundalíkjör eða eitthvað álíka. Hér er verið að villa um fyrir neytendum og er þetta eitthvað sem samtökin vilja leiðrétta.“

Birgir er á því að ýmsu öðru megi breyta í lagaumhverfinu á Íslandi. „Það helsta sem gerir íslenskum áfengisframleiðendum erfitt fyrir eru háir skattar og að geta ekki selt vöru sína beint til neytenda. Það er mjög hallærislegt að fá til sín gesti frá útlöndum sem hafa mikinn áhuga, en þurfa svo að senda þá í Vínubúðina eða Duty Free ef þeir vilja kaupa flösku. Okkar framlag til áfengisframboðs hér á Íslandi er ekki það mikið að það hefði mikil áhrif á sölu Vínubúðarinnar, þó svo við seldum beint til neytenda. Þar að auki verður þetta sífellt stærri hluti af ferðaþjónustunni á Íslandi og ég gæti trúað að það væri meiri hagrifur í því til lengri tíma lítið að leyfa smáframleiðendum á íslensku áfengi að taka á móti gestum og selja þeim sínar vörur.“

### Nýjungar hjá Þoran

Það eru þó nokkrar nýjungar á leiðinni frá Þoran Distillery. „Meðan á faraldrinum stóð fórum við í mikla þróunarvinnu. Við erum nýbúin að betrubæta Marberg Dry Gin uppskriftina okkar og setja í nýjar og flottari umbúðir. Einnig munum við gefa út tunnuþroskað gin í sumar í takmörkuðu upplagi, ásamt svokölluðu „navy strength“ gini, sem er still af gini sem er þó nokkuð sterkari og bragðmeiri. Í ofanálag munum við svo setja ákavíti í sölu, en það verður þó líklega ekki fyrr en í haust,“ segir Birgir að lokum. ■



### Það er aldrei að vita nema maður skelli sér í skotapilsíð og rúnti með nokkrum Íslendingum yfir skosku hálöndin í framtíðinni.

Birgir Már

og ég get og kenna fólki að njóta og drekka viski. En maður þarf nú ekki að vera einhver sérfræðingur til þess að hafa gaman af því að smakka gott viski. Það er mjög einstaklingsbundin lífsreynsla.“ Þess má geta að Birgir heldur úti stórskemmtilegum Instagram-reikningi, @Icelandicwhiskyguy, þar sem hann fræðir áhugasama um hin ýmsu viskí.

„Ég hef svo verið spurður að því hvort ég hafi áhuga á að leiða hóp af íslensku viskiáhugafólki um Skotland, svo það er aldrei að vita nema maður skelli sér í skotapilsíð og rúnti með nokkrum Íslendingum yfir skosku hálöndin í framtíðinni. Í haust er þó stefnan tekin á Írland, því framleiðsluhættir þar eru ögn frábrugðnar þeim í Skotlandi og ég hef mikinn áhuga á að læra meira um þá.“

### Sofandi lögur í tunnum

Hjá Þoran distillery gerir Birgir ýmsar spennandi tilraunir og framleiðir Marberg gin og Limoncello. „Þoran viski liggur núna í tunnum og þarf að hvíla þar að lágmarki í þrjú ár til að mega löglega kallast viski. Við erum tiltölulega nýbyrjuð á viskíinu.“

Viskið okkar er búið til úr íslensku byggi, íslensku vatni og norsku geri. Bygg, vatn og ger er í raun það eina sem þarf og það eina sem má nota þegar kemur að viskíframleiðslu. Eitthvað af viskíinu okkar er einnig reykt, eða „peated“, en þá hefur hluti kornsins verið reyktur, annað hvort með mó eða taði. Tunnurnar sem við notum eru mestmegnis notaðar amerískar bourbon-tunnur frá Kentucky sem áður geymdu bourbon-tegundina Buffalo Trace. Þessar tunnur fá svo að liggja óhreyfðar úti á landsbyggðinni þar sem þær draga í sig alla þá utanaðkomandi þætti sem finnast í íslenskri náttúru.

Í augnablikinu erum við með um 4.000 lítra í þroskun og erum hægt og bitandi að bæta við fleiri tunnum. Við munum opna tunnurnar eftir tvö ár og sjá hvernig þroskunin hefur gengið og munum þá taka ákvörðun um það hvort

viskið sé tilbúið fyrir átöppun. Við viljum ekki láta neitt frá okkur fyrir en við erum 100% sátt við það.“

### Viðtökurnar góðar á gininu

Vegna þess hve þroskunartími á viskíi er langur byrjaði Birgir að framleiða Marberg gin. En ginið tekur mun styttri tíma að framleiða. „Hugmyndin var upphaflega að búa til gott gin sem fer vel með tónik. Ekkert flóknara en það. Við erum einmitt nýbúin að betrubæta uppskriftina og notum nú betri hráefni og aðferðir en við gerðum þegar við byrjuðum. Þetta er alltaf spurning um að gera betur. Núna er Marberg í raun enn betra; mjög milt og bragðgott gin sem auðvelt er að drekka eitt og sér út á smá klaka. Við notum ýmis krydd og jurtir hvaðanæva úr heiminum en einnig íslenskar jurtir á borð við birki og söl.“

Tækjabúnaður okkar er líka þannig að það er auðvelt að framleiða aðrar áfengistegundir en viski. Því fannst okkur kjörið að bæta einhverju íslensku við þá flóru af gini sem til er í dag, til að auka við úrvalið sem veitingastaðir og barir hérlendis hefðu af íslenskum vörum. Það er líka skemmtilegt að sjá viðtökurnar hjá veitingafólki, því svo virðist sem því þyki mjög gaman að geta boðið gestum sínum upp á íslenskar vörur.“

### Ísland og Ítalía í gulum dansi

Limoncello-framleiðslan byrjaði að sögn Birgis sem gæluverkefni. „Það var þannig að hann Kristján Nói, frændi minn og veitingamaður, kom til mín og sagðist vilja bjóða sínum gestum upp á íslenskt Limoncello. Við pöntuðum inn um 30 kíló af lífrænum sitrónum frá Sorrento á Ítalíu og höfumst handa við smá þróunarvinnu. Lokaniðurstaðan var Limoncello Atlantico, meðalsætur „digestivo“ sem er frábær eftir mat eða í kokteil á borð við Limoncello spritz. Það leið ekki á löngu áður en landinn frétti af þessu og spurði hvort þetta væri einungis til á veitingastaðnum hjá Krist-

## Náttúruleg slökun & góður nætursvefn



### Áttu erfitt með að slaka á, festa svefn eða fá næturhvíld?

Slakandi blanda sem inniheldur Magnoliu börk og íslensk fjallagrös

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS  
NATURAL SUPPLEMENTS

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf  
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768





## Njóttu þess að heyfa þig úti Ný sending af æfingafötum

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 42-58  
Sjáðu úrvalið í netverslun [www.Curvy.is](http://www.Curvy.is)  
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Curvy



Íþróttatoppur  
6.990 kr




Dry fit bolur  
4.990 kr



Dry fit hlýrabolur  
4.990 kr



Æfingabuxur  
5.990 kr



Íþróttatoppur  
6.990 kr

Æfingabuxur  
8.990 kr

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupum bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

### Bátar

**MERCURY**  
Utanborðsmótorar  
2,5 - 600 hp.Verkstæði Vélasalunar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercuriser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum**R. SIGMUNDSSON**  
**VÉLASALAN**  
www.velasalan.is  
s. 520 0000, Dugguvogi 1  
104 Reykjavík

## Þjónusta

### Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.**  
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Heilsa

### Heilsuvörur

**FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS**  
gjofsemgefur.is  
907 2002  
Hjálparstarf kirkjunnar

## Dáleiðsla

Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslukennari  
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

www.bernhof.is



## Umhverfismat framkvæmda

Álit Skipulagsstofnunar

## Efnistaka í Skorholtsnámu, Hvalfjarðarsveit

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Álitid liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitid og umhverfismatsskýrslu BM-Vallár er einnig að finna á vef stofnunarinnar [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is).

## ÞJÓNUSTU AUGLÝSINGAR

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

## Auglýsing um deiliskipulag Seltjarnarnesbær

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

### Deiliskipulag Bollagarða og Hofgarða – Hofgarðar 16, tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Á 125. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 5. maí 2022 og á 946. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 11. maí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bollagarða og Hofgarða vegna Hofgarða 16. Í deiliskipulagstillögunni felst að færa byggingarreit um 0,5m til norðurs að götu og að breyta skilmáblaði þannig að efri hæð verði ekki meira en 40% af flatarmáli byggingarreits. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er auglýst frá og með 25. maí 2022 til og með 6. júlí 2022 og verður til sýnis á skrifstofu Skipulags- og umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 1.

Einnig má nálgast tillöguna á vef Seltjarnarnesbæjar [www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skiplag/frettir/](http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skiplag/frettir/). Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [postur@seltjarnarnes.is](mailto:postur@seltjarnarnes.is) eigi síðar en **6. júlí 2022**.

Seltjarnarnesi, 24. maí 2022

Brynjár Þór Jónasson

Skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar



Seltjarnarnesbær

seltjarnarnes.is

**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is**geiri**  
www.geirihf.is**JKS**

## Kæli og frystiklefar settir saman úr einingum - stækkanlegir



Hurð á lömum með læsingu



Rennihurð með læsingu



PVC strimlagardína mismunandi litir

**MAXI LÍNAN FRÁ JKS**  
Einingar eru fáanlegar úr 6,8,10 og 14 cm þykku frauði, mjög sterkt yfirborð sem þolir vel allan nýning. Mismunandi þykar einingar verja mismunandi tegundir matvæla. Einingarnar eru festar saman með öflugum krókfestingum. - Öndun í gólfið er með sérstakri „T“ öndun til þessa að jafna loftstreymi í klfanum. Þéttilisti á hurð er mýkri og einangrar betur.**VERSLUNARTÆKNI**  
www.verslun.is**geiri**  
www.geirihf.is**STÓRELDHÚS**  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

www.verslun.is

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)



# Dealer stóllinn

er mættur í Hirzluna

- Hæðarstillanlegur
- Hæðar- og hallarstillanlegt bak
- Bólstruð seta og bak. Slitsterkt efni (90.000 martind.)
- Gerður fyrir notendur allt að 110kg.
- Fæst líka með hækkun og fóþring;  
Tilboðsverð +13.650 kr. (listav. 21.000kr)
- Hægt að fá með örmum;  
Tilboðsverð +5.000 kr. (listav. 7.800kr)

Kynningarverð  
til 20. júní

**19.400 kr.**

LISTAVERÐ  
**31.900 kr.**

## Allt í skrifstofuna



Nóg til af  
**rafmagnsborðum**  
í ýmsum stærðum  
og litum



Eigum  
lager af  
**SunFlex**  
púltum



Margar stærðir af  
**skilrúmunum** tilbúin til  
afhendingar  
strax

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)



RAMMASAMNINGUR VIÐ  
**RÍKISKAUP**

Verzlun opin  
mán-fim 09:00-18:00,  
föstudaga 09:00-17:00,  
laugardaga 12:00-16:00.

# Hirzlan

SKRIFSTOFU HÚSGÖGN

Síðumúla 37 - Sími: 564-5040  
[hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is)

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknunum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2011-2012 Ísafjörður - Mosfellsbær.
- 14.40 Söngvaskáld Ragnhildur Gísladóttir.
- 15.30 Í garðinum með Gurrý II Býflugnabú og ávaxtarækt.
- 16.00 Okkar á milli
- 16.30 Basl er búskapur
- 17.00 Orlofshús arkitekta
- 17.30 Orðbragð
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Tölukubbar
- 18.06 Hruturinn Hreinn
- 18.13 Lundaklettur
- 18.20 Skotti og Fló
- 18.27 Lestrarhvutti
- 18.34 Millý spyr
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Sögur frá Listahátíð
- 18.52 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós Lifandi og fjölbreyttur þáttur um fréttir, menningu og dægurmál.
- 20.05 Upp til agna Matræddarna
- 21.10 Eftir brotlendinguna Un avion sans elle
- 22.00 Tiufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Huliðsheimar sykurpabba Secrets of Sugar Baby Dating Heimildarþáttur frá BBC um stefnumótasiður þar sem ungt fólk getur komist í kynni við efnaða eldri menn og um hætturarnar sem geta leynst á slíkum síðum.
- 23.20 Þrælahald nútímans - Jasidakonur í ánað Why Slavery?. Yazidi Slaves
- 00.20 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Ræktum garðinn Ræktum garðinn er þáttaröð um flest allt það sem tengist gördum og gróðri á Íslandi.
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 No Activity (US) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlega lögreglumenn og glæpamenn sem vita ekki hvað þeir eru að gera.
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 Survivor
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Wolfe
- 22.40 Love Island Australia
- 23.40 The Late Late Show
- 00.25 Strange Angel
- 01.25 The Rookie
- 02.10 9-1-1
- 02.55 NCIS. Hawaii Bandarísk sakamála-sería sem fjallar um rannsóknarsveit bandaríska sjóhersins á Hawaii.
- 03.40 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The O.C.
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Claws
- 10.05 Masterchef USA
- 10.45 Adele One Night Only
- 12.10 Nágrannar
- 12.35 Margra barna mæður
- 13.10 Matargleði Evu
- 13.30 Um land allt
- 14.05 Gulli byggir
- 14.45 Framkoma
- 15.15 Ireland's Got Talent
- 16.45 Fósturbörn
- 17.05 Last Week Tonight with John Oliver
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Fávitar
- 19.25 An Audience with Adele
- 20.40 Grey's Anatomy
- 21.25 Gentleman Jack
- 22.25 The Blacklist
- 23.15 Girls5eva
- 23.45 NCIS. New Orleans
- 00.25 The Gloaming
- 01.15 A Black Lady Sketch Show
- 01.45 The O.C.
- 02.25 Claws
- 03.10 Masterchef USA

Markaðurinn rýnir í efnahagskúluna

Una Jónsdóttir, aðalhaffræðingur Landsbankans, verður annar tveggja gesta Markaðarins á Hringbraut í kvöld þar sem spá verður í framvinduna í hagkerfinu. Andri Heiðar Kristinsson, stafrænn leiðtogi í fjármálaráðuneytinu, ræðir stafræna væðingu sýslumannsembættanna á Íslandi. Umsjón hafa Guðmundur Gunnarsson og Magdalena Anna Torfadóttir. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**  
 1 tilreiða  
 5 traust  
 6 skóli  
 8 gæslu  
 10 stafur  
 11 ginning  
 12 snikjur  
 13 áta  
 15 hjálpar  
 17 úrræði

- LÓÐRÉTT**  
 1 aðkvæni  
 2 náthagi  
 3 geymsla  
 4 stöðvun  
 7 fugl  
 9 átt  
 12 tjórubera  
 14 barlómur  
 16 óðagot

LÁRÉTT: 1 útbúa, 5 trú, 6 fgr, 8 vörslu, 10 eð, 11 tál, 12 betl, 13 svif, 15 líkmar, 17 lausn. LÓÐRÉTT: 1 útvænsli, 2 tróð, 3 þur, 4 arfát, 7 gullörn, 9 stefnu, 12 bika, 14 vil, 16 as.


Sudoku

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

			1	6				
	3	6		8				2
		9						5
					8			
3	1	8			2	9		
		7	3				6	
4			7	5			1	
	9	5		4				
	8							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Þriðjudaginn 31. maí kemur út sérblað um

fasteignasölur

Þjóðum fasteignasölum tækifæri til að kynna starfsfólk, þjónustu og fyrirtækið fyrir lesendum Fréttablaðsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi  
 Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.




Fasteignaleitin

# Ný og öflug fasteignaleit

Finndu réttu eignina fyrir þig á [frettabladid.is](https://frettabladid.is)

Öflugur fasteignaleitarvefur með einföldu og notendavænu viðmóti sem býður upp á ítarlegar upplýsingar um fasteignir, þróun verðlags og fróðleik um fasteignamarkaðinn.



[frettabladid.is](https://frettabladid.is)

**Makita**



Meira en 360 mismunandi verkfæri  
sem nota eins rafhlöðu

# 25%

afsláttur af  
öllum rafmagnsverkfærum og  
rafmagnsgarðverkfærum  
frá Makita

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00  
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00  
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800  
Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 25. maí til og með sunnudeginum 29. maí



Opið  
uppstigningardag frá kl.  
10-18

**30%**  
afsláttur  
af öllum  
garðhúsgögnum

MÍÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

10 ÁR MEÐ EITT  
MESTA ÚRVAL  
LANDSINS



BAUHAUS



# Viðleitni til að stöðva tímann



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Húbert Nói Jóhannesson myndlistarmaður sýnir verk í Portfolio gallerí að Hverfisgötu 71. Sýningin hefur yfirskriftina Innri-Ytri veruleiki. Þetta er 35. einkasýning listamannsins og á henni eru ný og eldri verk.

Verkin á sýningunni eru fimmtán og eiga í samtali innbyrðis og við sýningarrýmið. „Elsta verkið er geometrískt verk, hluti arkitektúrs úr Gallerí Sólon Íslandus sem ég gerði eftir minni. Hugsunin á bak við þessi verk var viðleitni til að stöðva tímann. Á sínum tíma kynnti ég þessi staðbundnu verk sem litninga úr rýminu og nú hefur þessi litningur sem ég gerði 1993 tvöfaldað sig,“ segir Húbert Nói. Við hliðina á verkinu er nú kominn skúlptúr eða hluti arkitektúrs, frásögn, úr Gallerí Sólon Íslandus þannig að annað sýningarrými er nú til sýnis í þessu sýningarrými hér.

„Það er til verk af sama toga úr sal Nýlistasafnsins, þá á Vatnsstíg 3, og hugur minn stendur til þess að endurgera þann sal út frá því málverki sem frístándandi leikmynd í stóru rými, til dæmis Listasafni Íslands, og bjóða valinkunnum listamönnum að sýna þar í stóra salnum í gamla Nýló,“ segir Húbert Nói.

Annað verk er málverk af gluggapósti í sýningarrýminu. „Ég lagði þennan gluggapóst á minnið og málaði hann og hengdi myndina síðan upp við hliðina á gluggapóstinum. Þannig á verkið í samtali við sýningarrýmið og endurspeglar það,“ segir listamaðurinn. Annað dæmið um þetta samtal frá árinu 1995 er listaverk á vegg og í nánd við það er málverk af þessu sama listaverki upphengdu í rýminu.

## Hauskúpa og bílkerti

Á sýningunni er hauskúpa sem listamaðurinn gerði úr leir og postulíns-bílkertum sem myndatanngarð. „Hauskúpan kom dálítið baka megin inn í mitt höfundar-



Hér í þessu sýningarrými koma saman fortíð í formi eldri verka, eins konar beinagrind úr Sólon Íslandus, nútíðin er samtalið við sýningarrýmið hér og hauskúpan möguleg framtíð.



„Sýningarrýmið á sýningartíma er eins og ytri skynfæri listamannsins.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verk. Ég fer oft í göngutúra með hundinn minn á Ægisíðu. Þar voru bílaverkstæði áður fyrr og karlarnir virðast hafa hent bílkertum út í sjó og núna er sjórinn að skola þessum kertum aftur á land. Þessi kerti fönguðu athygli mína og ég fór að safna þeim og setja í vasana. Svo fór hugmynd um að nota þá í verk að þróast í tengslum við umræðuna og ábendingar vísindamanna um hamfarahlýnun. Nánast eina leiðin til að túlka eða takast á við mögulega framtíð er sýnbólismi og þetta verk er tákmynd um mögulega framtíð fyrir tilvernað mannsins. Þarna er vera með bílkerti í öndunarveginum sem framleiða koldíoxíð við bruna á jarðefnaeldsneyti. Bílkertin staðsetja einnig verkið í tíma brunahreyfilsins sem spannar einhver eitt hundrað ár í sögu mannkyns.“

Um samspil sýningarrýmisins og verkanna segir Húbert Nói: „Sýningarrýmið á sýningartíma er eins og ytri skynfæri listamannsins. Hér í þessu sýningarrými koma saman fortíð í formi eldri verka, eins konar beinagrind úr Sólon Íslandus, nútíðin er samtalið við sýningarrýmið hér og hauskúpan möguleg framtíð.“



Hauskúpan magnaða með bílkertum í staðtanna.

## Blásandi borhola

Í sal á neðri hæð gallerísins eru þrjú olíu-landslagsmálverk sem sýna ytri veruleika en einnig innri, því verkin eru gerð eftir minni. „Þegar ég útskrifast úr myndlistarnámi var konseptið við völd. Sem listamaður vill maður búa til eitthvað sem bætir einhverju við það sem hefur verið gert og ég fór því að gera tilfinningaþrungin verk máluð af staðsetningum eftir minni til að hengja við hliðina á konseptlistinni í eins konar samtali. Þegar ég tók síðan til við að nota GPS-staðsetningartæki við gerð málverka var það svipuð nálgun, það er að nota þá nýjustu tækni, ofurklukkan í gervitunglum, geimvísindi og hafa

þau í einu verki samofin tilfinningaminni manneskju.“

Í sama sal er vídeóverk, Geometría frá 2005, blásandi borhola á Hellisheiði. „Ég spegla hana lóðrétt og lárétt. Nú er verið að dæla kolvetni aftur inn í jörðina á Hellisheiði, það er mögulegt að nútíðin hafi komið sér á framfæri í þessu gamla verki þar sem koldíoxíð mun mynda kristalla með basalti en það myndast kristallaform við þessa fjörföldu speglun á útblæstri borholunnar.

Annars hefur speglun í mínum verkum verið mér það augnablik þegar ytri og innri veruleiki ná um stundarsakir einhvers konar samhjúmi,“ segir Húbert Nói.

Sýning hans stendur til 11. júní. ■

# Hinn blindi Bocelli var kóngurinn í hljóðkerfinu

## TÓNLIST

### Andrea Bocelli

söng blandaða dagskrá

Með honum komu fram: Jóhanna Guðrún, María Aleida Rodriguez og Anastasyia Petryshak. Sinfonia Nord lék. Söngsveitin Filharmonía kom fram.

Stjórnandi: Marcello Rota

Kórinn í Kópavogi

laugardagur 21. maí

Jónas Sen

Ég tók myndskild af öllum fjöldanum í hléinu á tónleikum Andrea Bocelli í Kórnum á laugardagskvöldið og birti á Facebook. Einn vinur minn kommenteraði: „Hefði verið fullkomið tækifæri til að bólusetja með fjórðu sprautunni. Bara svona fyrst allir gamlingjar á höfuðborgarsvæðinu voru á annað borð mættir.“

Ég verð að mótmæla þessari hæðni! Það voru síst bara gamlingjar á tónleikunum, þótt meðalaldurinn hafi verið fremur hár. En fagnaðarlætin voru svo sannarlega alveg jafn mikil og á popptónleikum með æstum unglíngum. Alsæla tónlistarinnar spyr ekki um aldur.

### Söngur misjafn en mikið karisma

Andrea Bocelli er reyndar ekki besti óperusöngvari í heimi. Rödd hans er fremur hörð, mjó og virðist dálítið klemmd á efstu tónunum. Engu að síður voru tónleikarnir bráðskemmtilegir. Gríðarlegt karisma, það er sviðssjarmi, vóg upp á móti veikum hliðunum, og tilfinningin í hverju lagi var svo sannarlega ekta. Bocelli söng áreynslulaust og af óheftum krafti, og lögin voru hvert öðru skemmtilegra. Þau voru allt þekktir óperusmellir fyrir hlé, en seinni hluti dagskrárinnar var poppaðri.

Lögin sem Bocelli söng voru til dæmis La donna e mobile eftir Verdi, You'll Never Walk Alone eftir Rodgers, Nessun Dorma eftir Puccini og Con te partiro eftir Sartori. Það síðastnefnda er spilað þrisvar sinnum í einum þættinum um Soprano-fjölskylduna, og þá einmitt með Bocelli. Söngvarinn er nefnilega heimsfrægur og hefur selt óguðlega mikið af plötum.

### Söngvarinn var með lokuð augu

Bocelli er blindur, og það ásamt því að hann er fjallmyndarlegur og glæsilegur, er án efa stærsti hluti



Það var æpt og grenjað á eftir hverju lagi. MYND/ADSEND

sviðssjarmans og frægðarinnar. Hann var með lokuð augun allan tímann og fyrir vikið virtist hann auðmjúkur á einhvern heillandi hátt. Maður fékk einfaldlega ekki nóg af því að horfa á hann.

Með söngvaranum spilaði Sinfonia Nord undir stjórn Marcello Rota. Hún gerði það mjög vel. Auðvit-

að var tónlistarflutningurinn magnaður upp, annað væri ekki hægt í slíku gímaldi sem Kórinn er. Klassísk tónlist er viðkvæm fyrir slíku, en hér var virkilega vel að verki staðið. Hljómsveitarleikurinn var skýr en að sama skapi mildur og í finu styrkleikajafnvægi. Spilamennskan var nákvæm og fagmannleg, allar nótur voru á sínum stað.

### Góðir gestir

Nokkrir listamenn komu fram með söngvaranum. María Aleida Rodriguez söng af yfirburðum, þar á meðal nokkra dúetta með Bocelli. Rödd hennar virtist samt örlytið lægri í hátalarakerfinu. Sennilega var það með ráðum gert. Enginn mátti skyggja á stjórnuna.

Jóhanna Guðrún var sérstakur gestur á tónleikunum. Söngur hennar kom best út þegar hún flutti Vetrarsól eftir Gunnar Þórðarson. Flutningurinn var tilfinningaþrunginn og glæsilegur, röddin sérlega mögnuð. En dúettarnir hennar með Bocelli voru síðri af ofangreindum ástæðum. Hljóðblöndunin var Bocelli í hag og lítið heyrðist í söngkonunni.

Anastasyia Petryshak lék svo



Hann var með lokuð augun allan tímann og fyrir vikið virtist hann auðmjúkur á einhvern heillandi hátt.

á fiðlu, meðal annars hinn fræga Czardas eftir Monti. Það var smart, fiðluleikurinn var öruggur og jafn, og það gneistaði af honum. Fiðluhljómurinn var þó skrytinn í hljóðkerfinu, hljóðjöfnunin hampaði of mikið neðra tónsviðinu, með þeim afleiðingum að fiðlan hljómað bara hreint ekkert eins og fiðla.

Eins og áður sagði voru fagnaðarlætin gifurleg, það var æpt og grenjað á eftir hverju lagi, enn meira eftir hlé. Öll umgjörð tónleikanna virtist líka vera til fyrirmyndar, skipulagið var gott og það rann allt snurðulaust. Þetta var virkilega gaman. ■

NIDURSTAÐA: Bráðskemmtilegir tónleikar.





# BÍÓ bærinn

## BÍÓBÆRINN

Í KVÖLD KL. 20.00  
OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar og Árni fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bíóhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT

# Með pír í sumar

**398**

kr./kg



Ferskt iceberg frá Spáni

**398**

kr./pk.



Fersk brómber frá Hollandi 125 g

**359**

kr./kg



Buff tómatar frá Spáni

**398**

kr./kg



Ferskt kínakál frá Spáni

**298**

kr./pk.



Pagens kanilsnúðar 260 g

**279**

kr./pk.



MS kókómjólk 1 ltr

**398**

kr./pk.



Ferskur mozzarella 120 g

# BÓNUS



**398**  
kr./pk.

Nesquik kakókúður  
625 g



**298**  
kr./pk.

Pfanner melónuiste  
2 ltr



**298**  
kr./pk.

Rema ískaffi  
1 ltr

**598**  
kr./pk.



Smash style hamborgarar  
2x 120 g



**129**  
kr./pk.



Hamborgarabrauð  
2 stk



**598**  
kr./pk.




Bernaissósa  
300 ml

**459**  
kr./pk.



Hamborgarasósa  
300 ml



## Allt hitt sem við viljum fá aftur í kjölfar

# Cocoa Puffs



benediktboas@frettabladid.is

Þau gleðitiðindi bárust í gær að morgunkornið sígilda Cocoa Puffs muni snúa aftur í hillur verslana eftir árs fjarveru. Ritstjórn Fréttablaðsins stóð upp og klappaði enda tilheyr þar margir kókópöfss-kynslóðinni svokölluðu. En betur má ef duga skal og þegar þvælst er um höll minninganna rifjast margt gamalt og gott upp sem margir myndu gjarnan vilja endurheimta.



### McDonald's

Það er auðvitað rannsóknarefni af hverju McDonald's skuli ekki vera á Íslandi. Það er reyndar enn frekari rannsóknarefni af hverju erlendar skyndibitakeðjur haldast illa á Klakanum því hér er ekki Starbucks, Burger King, Popeyes eða The Cheesecake Factory svo eitthvað sé nefnt. McDonald's er eins um allan heim og Ólympíufarar nota veitingastaðinn til að seðja hungrið á leikunum. Ef það er nógu gott fyrir Ólympíufara er það nógu gott fyrir landann og ferðamennina sem sakna þess að fá sér tvo ostborgara, franskar og gos. Þetta þarf ekki að vera flókið.



### Vegasjoppurnar

Háglans og yfirlýstar vegasjoppur nútímans eru afskaplega ósjarmerandi. Er ekki hægt að fara einhvern milliveg? Hafa einhvers konar kósi án þess að hafa lýsinguna í rauðabotni. Margir minnst gamla Staðarskála með hlýju í hjarta en gleyma lyktinni sem mætti fólki í stiganum þegar það gekk niður á klósettið. Það var alvöru hlandlykt. Nýi Staðarskálinn er oflýstur og því frekar stoppað í Viðigerði.



### Bazooka-tyggjó

Þau eru fjölmörg sem sakna enn þessa sprúðl-andi fjörugra tyggjúmmis sem er þó sennilega mun bragðbætra í minningunni en það var í glæstri fortíðinni. Tyggjóid var heldur hart undir tönn en þegar búið var að tyggja það til tók augnablíkkssæla við. Ekki spillti heldur fyrir að tyggjóid var vafið inn í litla myndasögur af ævintýrum hins vígalega Joe.



### Blár ópal

Þetta alíslenska nammi er goðsögn og þótt það hafi lengi verið ófáanlegt getur nostalgían enn kallað fram ólýsanlegt bragðið þegar þau sem voru

### Nýr blár ópal

svo heppin að ánetjast þessu hugsa til baka. Hin fá líklega því miður aldrei að vita hverju þau misstu af þar sem líkurnar á því að lykilbragðefnið finnist aftur eru hverfandi. Leitni að því ætti samt vitaskuld að vera í algerum forgangi hjá Nóa-Sírius svo leiðréttu megi sorglegustu skekkju íslenskrar sælgætissögu.



### Það sem má vera gleymt og grafið

- Grímunotkun
- Kassettur
- Textavarpið
- Símaskráin



### Blackberry-símarnir

Einu sinni voru BlackBerry-símarnir sannkallað þarfapening og höfðu um 20 prósent markaðshlutdeild árið 2010. Það var afar þægilegt að komast í tölvupóstinn og það var þægilegt að skrifa skilaboð með gömlu góðu tökkunum. En iOS og Android tóku fram úr og tæknin sem BlackBerry keyrði á varð úrelt. Þann 4. janúar í ár var tilkynnt að ekki væri lengur hægt að hringja eða senda SMS.



### Heiðarlegar tilnefningar

**Baugur Group**  
Hver saknar ekki stuðsins sem var í kringum Baug? Það var endalaust parti.

**Gospillurnar**  
Kannski saknar þeirra enginn enda var gerð bein árás á alla tannhirðu með þeim. Í pillunum voru einhver efni svo sterk að það sveið undan þeim í tunguna.

**Plastskeiðar í skyr og rör í safu**  
Það getur bara ekki verið að þetta sé leiðin. Þetta pappadrasl er ekki að gera sig.

**Fresca**  
Já, takk. Þarf ekkert frekari útskýringar.




### Subaru Justy

Fjór hjóladrifið tryllitæki sem komst allt. Af hverju Justy lifði ekki lengur er hulin ráðgáta því í minningunni framleiddi bíllinn nánast bensín. Þetta var hinn fullkomni unglingabíll úti á landi því í vetrarfærðinni var ekkert sem stoppaði hann. Ekkert. Það var einfaldlega ýtt á fjór hjólatakann sem var ofan á girskiptingunni og haldið af stað í hvaða veðri sem var. Og það voru oft vond veður úti á landi í gamla daga.



### Lars Lagerbäck

Hver vill ekki Lars aftur? Maðurinn er enn þá alfa og ómega í fótboltaheiminum hér á Íslandinu góða. Þó að verið sé að reyna að afmá fingraför hans af landsliðsumhverfinu lifir hann í hjörtum Íslendinga sem maðurinn sem breytti áhugamönnum í lið sem vann England á EM 2016. Það mun aldrei gleymast.



ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



# Halló pottur... ...hééér kem ég!

Heitir og kaldir gæðapottar, ásamt miklu úrvali af fylgi- og aukahlutum fyrir pottinn og pottaferðina!



Geirslaug  
279.000 kr.



Snorrslaug  
299.000 kr.



Gvendarlaug  
189.000 kr.



Unnarlaug  
310.000 kr.



Sigurlaug  
(kaldi potturinn)  
135.000 kr.



Grettislaug  
259.000 kr.

Pottarnir okkar eru fáanlegir í nokkrum litum.

Háfar, burstar, hitamælar, höfuðpúðar, hengirúm, klór, spil og margt fleira til að gera pottaferðina enn skemmtilegri.

## NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx.is

Opið mánud. - fimmtud. 10-18, föstud. 10-17 og laugard. 10-14

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir 40 ár. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

# SÓFADAGAR

Lýkur 30. maí

20%  
afsláttur  
af sófum



## HOUSTON hornsófi

Fallegt koniákslitað bonded leður.  
275 x 210 x 85cm. Fullt verð: 249.900 kr.

Nú 199.920 kr.



## AUSTIN sófi

3ja sæta stillanlegur sófi. Hægra og vinstra sæti eru hallanleg með skammel. Miðjusæti niðurfellanlegt og verður að borði. 198 x 95 x 98 cm.

Fullt verð: 299.900 kr.

Nú 239.920 kr.



## BARCELONA svefnsófi

Vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Svefnflötur. 194x140x13 cm. Stærð á sófa: 193 x 93 x 100 cm. Fullt verð: 199.900 kr.

Nú 159.920 kr.



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

# DORMA

Láttu drauminn ræstast

# Hauskúpa Breka rokkar í Sønderborg-höllinni

Gullsmiðurinn Jónas Breki Magnússon var fenginn til að smíða skartgrip tengdan dauðanum fyrir konunglega sýningu í Sønderborg-höll þar sem verk hans fangaði auga Benedikte prinsessu við opnunina í apríl.

toti@frettabladid.is

„Ég rokkaði þetta verkefni. Þótt ég segi sjálfur frá,“ segir gullsmiðurinn Breki Magnússon sem var, ásamt 29 öðrum gull- og silfursmiðum og listafólki búsettu í Danmörku, fenginn til þess að gera verk sérstaklega fyrir skartgripasýninguna Makabre Mesterværker sem var opnuð í Sønderborg-höll í Danmörku í síðasta mánuði og stendur út október.

Eins og yfirskrift sýningarinnar ber ef til með sér þá hverfist hún um samspil dauðans og skartgripa í ýmsum menningarheimum og á ólíkum tímum. „Mér hefur aldrei áður verið boðið að gera verk á skartgripasýningu,“ segir Breki sem telur víst að þetta sé með stærstu sýningum sem íslenskum gullsmið hafi verið boðið að taka þátt í.

Breki er enda heldur betur á heimavelli þegar drungi og dauðinn eru annars vegar eftir að hafa lengi sérhæft sig í hauskúpuhringum og höfuðkúpa er einmitt þungamiðjan í verkinu Freydis, her path to the afterlife in Valhalla.

Þar vinnur hann með ferðalag Freydisar Eiríksdóttur rauða til Valhalla og sækir í forna norræna menningu með tengingum við galdrastafinn Vegvísi, víkingaskip og margrómuð veisluhöld í Valhöll.

## Dauðinn kallar

Hjónin Breki og Gúry Finn-bogadóttir, fata- og skartgripahönnuður, hafa búið og starfað í Danmörku um langt árabil og voru þar í talsverðum kóvíð-hremmingum þegar óvænt og kærkomið kallið eftir skarti á sýninguna kom að handan, ef svo má segja.


„Faraldurinn var í hámarki í lok október 2020 þegar sex ára leigan á verkstæðinu okkar á Hjóbros Plads í Kaupmannahöfn rann út og leigusalinn vildi tvöfalda leiguna með endurnýjningu samningi. Þetta var auðvitað galið þannig að þremur dögum seinna vorum við flutt frá Hjóbros Plads og búin koma verkstæðunum okkar beggja fyrir í geymslu.“

Þarna þótti Breka heldur farið að syra í álinn en örfáum vikum seinna fékk hann Facebook-skilaboð frá Ninu nokkurri Hald, mikilli áhrifakonu í gullsmiðabransanum, konunglegum sýningarstjóra og höfundu fjölda skartgripabóka. Meðal annars um krúnudjásnin.

„Hún hringdi síðan í mig og sagðist vera að undirbúa eina stærstu konunglegu skartgripasýningu sem hún hefði haldið og að hún væri búin að vera að fylgjast með mér á Facebook og Instagram í mörg ár og vildi endilega fá mig til þess að vera í hópi þeirra sem yrðu fengnir til að gera verk á þessa sýningu í Sønderborg-höll 2022.“

## Grét af gleði

Ég brast í grát eftir þetta símtal. Gúry og börnin okkar skildu ekkert af hverju ég væri að gráta en þetta voru auðvitað bara gleðitár vegna



Breki og hauskúpan hans njóta sín í botn í höllinni.

MYND/ADSEND



”

Gúry og börnin okkar skildu ekkert af hverju ég væri að gráta en þetta voru auðvitað bara gleðitár.

þess að þarna var ég verkstæðislaus með mjög lítið að gera í faraldrinum og hugsaði með mér að núna fengi ég að vera með dönsku skartelítunni,“ segir.

Breki hófst síðan ekki handa á nýju verkstæði þeirra hjóna fyrr en í maí 2021. „Ég vinn best undir pressu og tók allan mánuðinn og um 250 vinnustundir í að hanna og gera verkið,“ segir Breki sem þurfti, eins og öll hin, að skila verkinu í júní í fyrra.

## Konungleg athygli

Benedikte prinsessa, systir Margrétar Þórhildar Danadrottningar, opnaði síðan sýninguna í apríl og sást þar sýna verki Breka áhuga. „Tæpum tveimur vikum eftir að sýningin var opnuð kom heil opna um hana í Billed Bladet og þar sést Benedikte prinsessa stóra á mitt verk,“ segir Breki sem fékk básna góða kynningu á síðum blaðsins.

„Það er líka gaman að segja frá að Cartier hafði samþykkt að lána eitt verk á sýninguna en nokkrum mánuðum fyrir opnun sýningarinnar var boðið dregið til baka í tölvupósti til sýningarstjórans vegna þess að sýningin væri of óhugnanleg fyrir þetta þekktu merki.“ ■

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING  
á Hringbraut

h

**KFC**

**GRANDE**  
**ER KOMINN**

**1.599 kr.**

Zinger kjúklingabringa,  
BBQ-sósa, beikon, ostur,  
rauðlaukur, kál og léttmæjó.



**2.099 kr.**

Grande Zinger borgari,  
3 Hot Wings, franskar,  
gos og Conga Xtra.



## Bakþankar



Láru G.  
 Sigurðardóttur

## Læknisleikur á þingi

Segjum að þú fái botnlangabólgu eina bjarta sumarnótt og það er rokið með þig upp á spítala. Þreytulegur vaktlæknir segir að hann hafi enga trú á skurðaðgerðinni sem sannreynt hefur verið að gefi bestan árangur. Hann ætli miklu frekar að nudda botnlangann eftir eigin tilfinningu.

Hvernig líður þér? Ég veit að mér yrði ekki rótt. Þessi læknir vill gera á þér tilraun, sem er gert með mýs en ekki menn. Góð heilbrigðisþjónusta byggir nefnilega á gagnreyndri þekkingu og rannsóknum á því sem virkar best hverju sinni.

Sama á að gilda um aðgerðir í lýðheilsumálum, en einhvern veginn finnst sumum þingmönnum tilfinningar sína vega þyngra en þekking sérfræðinga. Í hartnær sjö ár hef ég ásamt öðrum með sérþekkingu á sviði lýðheilsuáðgerða ítrekað bent á mikilvægustu aðgerðirnar til að draga úr skaða af völdum áfengis og nikótíns, sérstaklega meðal unglíngna. Misheppnaður uppskurður þingsins eru meingölluð lög um rafsígarettur, sem gera lítið annað en að normalisera notkun nikótíns. Sem dæmi opnaðist með þeim gátt fyrir áhrifavalda til að selja nikótín – sem getur verið brú yfir í aðra neyslu. Þetta er galið, því sem fyrirmyndir senda áhrifavaldar ungu fólki skilaboð um að „sá sem notar vöruna getur orðið eins og ég“ sem er eitt öflugasta markaðstrix samtímans. Og á þessum sjö árum hafa sumir þingmenn ítrekað reynt að greiða götu áfengis, sem af öllum vímuefnum ber mestan heilsufarslegan skaða fyrir samfélagið.

Bólgur botnlangar eru ekki nuddaðir eftir tilfinningu vakthafandi læknis. Þeir eru skornir burt. Sama á að gilda um vímuefni, það á að fjarlægja aðgengi ungmenna að þeim. Þingmenn þurfa að hætta þessum háskalega læknisleik og taka fyrir fullt og fast á þessu mikilvæga lýðheilsamáli. ■

islenskt.is

# Paprika

Í þínu besta formi.



Borðu hana ferska, í ræmum með ídýfunni, saxaða í litríkan pottrétt eða grillaða með gómsætri fyllingu.

Vatnsmælirinn: Paprika

91% íslenskt vatn



**pappír  
 umhverfið  
 prentun**

**LITRÓF**

UMHVERFISVÆN  
 PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
 litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

**Íslenskt  
 grænmeti**

Dú veist  
 hvaðan það  
 kemur